


**FRÍÐA RÚN ÞÓRÐARDÓTTIR**

*Hugar að mataræðinu og æfir hlaup reglulega*

• heilsa

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS



**JÓHANNA GUÐRÚN JÓNSDÓTTIR**

*Róleg eftir fyrstu æfinguna í Moskvu*

Bjóst við að fá sjokk

**FÓLK 20**



**JÓJÓ GÖTUSPILARI**

*Hjálpar heimilislausum í New York og víðar*

Gefur þeim geisladisk sinn

**FÓLK 26**


# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. maí 2009 — 106. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000


## ÞRIÐJUDAGUR

### Bjartsýn á framtíðina



Rósa Björk Barkardóttir sameindalíffræðingur er heiðursvísindamaður Landspítala 2009.

**TÍMAMÓT 16**

### Mikil dramatík



Sigurgeir Orri Sigurgeirsson frumsýnir heimildarmynd um Loftleiðir.

**FÓLK 26**

### Útrás og einangrun

„Kjarni útrásarinnar er sá að Íslendingar eigi að mæta til leiks á vettvangi þjóðanna með eigið ágæti í farteskinu og að við stöndum öðrum langtum framar," skrifar Sverrir Jakobsson.

**Í DAG 14**

### Meistarar meistaranna



FH vann öruggan 3-0 sigur á KR í Meistarakeppni KSÍ í gær.

**ÍÞRÓTTIR 22**

## VEÐRIÐ Í DAG




**ÚRKOMULÍTIÐ SYÐRA** í dag verða vestan 5-13 m/s en norðan 3-8 nyrðra. Skúrir eða slydda en úrkomulítið syðra. Dregur víðast úr úrkomu síðdegis eða í kvöld. Hiti 3-11 stig, hlýjast suðaustan til.

**VEÐUR 4**






# Starfsöryggi fatlaðra ógnað í kreppunni

**Vinnustaðir fyrir fólk með skerta starfsgetu hafa orðið illa úti í kreppunni. Fólk hefur þurft að skerða vinnu sína og illa gengur að komast út á almennan vinnumarkað. Skepnuskapur að reka þetta fólk segir forstjóri Múlalundar.**

**ATVINNA** „Þetta er nú þannig vinnuumhverfi að við getum ekki verið að henda fólki út á gaddinn. Fólkið sem kemur hingað á við ýmis vandamál að stríða og það er ekki bætandi á það með því að henda því út. Það væri nánast skepnuskapur og við stundum ekki svoleiðis," segir Helgi Kristófersson, framkvæmdastjóri Múlalundar. Fyrirtækið hefur orðið illa úti í kreppunni en hann hefur ekki enn þurft að segja upp fólki.

Helgi segir að um leið og bankarnir hrundu hafi fyrirtækið þurft að greiða upp alla erlenda reikninga. Síðan hafi það þurft að staðgreiða allar vörur og raunar greiða fyrir fram, því plastið sem keypt er þarf að greiða áður en það er framleitt. Helgi segir að fyrirtækið kæmist þó ágætlega af ef Íslendingar gerðu meira af því að kaupa vörur þess. Starfsemi vinnustaða fatlaðra sé það mikilvæg að styðja verði við þá með öllum ráðum.

„Það þarf sértækar aðgerðir fyrir þessa vinnustaði. Ástandið er ekki eðlilegt eins og það er og við megum ekki hugsa þannig að fara að henda fólki út."

Ólöf Leifsdóttir, forstöðumaður Plastiðjunnar Bjargs á Akureyri, segir kreppuna hafa mikil áhrif. Hún segir að með samdrætti á vinnumarkaði hafi salan dregist saman, en fyrirtækið framleiðir mest raflagnaefni. Sala á annarri framleiðslu, líkt og kertum, hefur hins vegar aukist. „Við höfum það á tilfinningunni að við séum búin að auka markaðshlutdeild okkar, bæði í kertum og raflagnaefni."

Þeir sem búa við skerta starfsgetu hafa notið starfs- og iðjuþjálfunar áður en þeir hafa farið á almennan vinnumarkað. Það hefur þó reynst erfitt nú. „Þetta er gjörbreyttur tími. Það er erfitt fyrir einstaklinga með skerta vinnugetu að banka upp á hjá fyrirtækjum núna þegar átján þúsund manns eru atvinnulausir," segir Kristján Valdimarsson, forstöðumaður Örva. Hann segist ekki enn hafa þurft að segja upp fólki en engir nýir starfsmenn hafi verið teknir inn.

**- kóp**

Hjalti Lýðsson konditori:

## Fær brons frá Danadrottningu



**HJALTI LÝÐSSON**

**FÓLK** „Maður fær þarna að hitta gömlu. Það er ekki á hverjum degi sem maður fær það," segir Hjalti Lýðsson, sem hittir Margréti Danadrottningu í Ráðhúsinu í Kaupmannahöfn 26. maí.

Þar mun drottningin afhenda honum bronsmedalíu sem hann fékk fyrir sveinsprófsverkefni sitt, en hann útskrifaðist sem konditor frá skólanum EUC-Ringsted í febrúar síðastliðnum.

„Ég veit ekki hvað ég á að segja við hana og ég veit ekki hvað ég fæ langan tíma," segir Hjalti. Hann segist þó spenntari fyrir því að hitta Maríu krónprinsessu.

Ekki er vitað til þess að Íslendingur hafi áður fengið þessa viðurkenningu. „Þetta var alltaf markmiðið hjá mér," segir hann um bronsið.

**- fb /** **sjá síðu 26**



**HIMNARNIR OPNAST** Þessir norsku ferðamenn, sem spókuðu sig í hellirigningunni á Laugaveginum í gær, sögðu ljósmyndara Fréttablaðsins að betra sumarfrísveður væri vart hægt að hugsa sér. Hvort um kaldhæðni hafi verið að ræða hjá þessum ágætu Norðmönnunum skal ósagt látið.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Stjórnarsáttmáli í smíðum:

## Ráðherrar sitja til áramóta

**STJÓRNMÁL Samningahópur Samfylkingarinnar og Vinstri grænna vinnur að því að draga upp stjórnarsáttmála sem verður kynntur í lok vikunnar. Samningahópurinn hittist aftur í dag. Farið var yfir starf vinnuhópa um Evrópu-, stjórnskipunar- og ríkisfjármál í gær en það starf er vel á veg komið.**

**Sem fyrr gefa formenn flokkanna, þau Jóhanna Sigurðardóttir og Steingrímur J. Sigfússon, lítið upp um gang mála en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins mun ráðherralið stjórnarinnar líklega verða óbreytt fram að áramótum, en þá er von á uppstokkun. Andstaða mun vera í báðum þingflokkum við að utanþingsráðherrar verði skipaðir líkt og nú er.**

**- shá, kóp**

Björgólfur Guðmundsson skuldar Landsbankanum 58 milljarða króna:

# Óttast að missa heimilið líka

**VIÐSKIPTI** „Ég stend uppi með spurninguna, hver er mín staða. Ég viðurkenni að ég er svolítið áttavilltur," segir Björgólfur Guðmundsson, athafnamaður og fyrrverandi stjórnarformaður Landsbankans, spurður hvort hann muni missa allt sitt – og þar með heimili sitt að Vesturbrún 22 í Reykjavík. „Ég veit bara ekki hverju ég held eftir."

Björgólfur sendi fjölmiðlum upplýsingar um stöðu eigna sinna og skuldbindinga við Landsbankann í gær. Þar kemur fram að persónulegar ábyrgðir hans hjá Landsbankanum nema nú um 58 milljörðum króna og eignir fyrirtækja Björgólfs hafa rýrnað um 116 til 128 milljarða króna frá ársbyrjun 2008.

**- shá /** **sjá síðu 4**


gróðurmold garðyrkjumannsins

flúðamold

Úrvalsmold fyrir alla ræktun



engin verksmiðjuáburður
100% íslensk ræktunarmold
lífræn

● Umpottun ● Í svalakassann ● Uppeldi á sumarblómum og grænmeti ● Í garðinn og gróðurhúsið



Ifö

TENGI

Mikið úrval af upphengdum salernum



Opið virka daga frá 8-18
laugardaga frá 10-15

Smiðjuvegi 76
Kópavogi
Sími 414 1000

Baldursnesi 6
Akureyri
Sími 414 1050

## SPURNING DAGSINS



*Ásta, ertu ekkert hrædd við að verða að athlægi?*

„Alls ekki, því sá hlær best sem síðast hlær.“

Ásta Valdimarsdóttir hláturjógaleiðbeinandi hélt ásamt fjörutíu öðrum upp á alþjóðlega hláturdaginn á sunnudag, með því að skella rækilega upp úr í Laugardalnum.

„Ef þú gerir ekki allt sem ég segi þá sting ég þig,“ sagði ræningi við húsráðanda:

# Arnarnesræningi áfram í varðhaldi

**DÓMSTÓLAR** Hæstiréttur hefur staðfest úrskurð um gæsluvarðhald til 19. maí yfir öðrum mannanna sem hafa játað að hafa ruðst inn á heimili eldri hjóna á Arnarnesi á kosningakvöld, haldið þeim föngnum og rænt.

Í úrskurði Héraðsdóms Reykjaness kemur fram að mennirnir hafi bankað upp á hjá hjónunum, grímuklæddir og vopnaðir hnífum. Annar hafi verið með flökunarhníf með átján sentimetra blaði.

Þegar konan, sem er 73 ára, kom til dyra var hún snúin niður af öðrum manninum. Við það rak hún upp vein. „Ég bara rota hana,“ sagði ræninginn þá og barði hana þrívegis af alefli í höfuðið.

Mennirnir voru í húsinu í um tuttugu mínútur og sagði konan við yfirheyrslur að allan tímann hefðu dunið á þeim hótanir um að þau yrðu stungin ef þau hlýddu ekki.

„Við viljum peningaskápinn, við erum komnir til að taka peningana þína,“ sagði annar ræningjanna við manninn, sem er 82 ára. „Persónulega hef ég engu að tapa og ef þú gerir ekki allt sem ég segi þá sting ég þig.“

Þeir hurfu á brott með nokkurt þýfi, meðal annars hringa af fingrum konunnar. Áður skáru þeir á símalínur.

Í greinargerð lögreglu með gæsluvarðhaldskröfunni segir að telja verði brotið „í eðli sínu svo svívirðilegt að gangi kærði frjáls ferða sinna myndi það valda hneykslan í samfélaginu og særa mjög réttarvitund almennings.“ - sh

### HINN KÆRÐI EKKI

Hinn ræninginn mun einnig sæta varðhaldi til 19. júní. Hann kærði hins vegar ekki gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms til Hæstaréttar. Mennirnir eru á tvítugs- og þrítugsaldri og hafa báðir komið við sögu lögreglu áður. Ekki þótti ástæða til að krefjast varðhalds yfir þremur stúlkum sem biðu ræningjanna í bíl fyrir utan.

Baráttan gegn sjóránum:

# Meintir sjóræningjar teknir

**KENÍA, AP Franskir hermenn handtóku á sunnudag ellefu meinta sjóræningja frá Sómalíu, að því er varnarmálaráðuneytið í París upplýsti.**

**Franskt herskip stöðvaði för hinna meintu sjóræningja á tveimur hraðbátum undan strönd Sómalíu og á meintu móðurskipi þeirra sem var hlaðið hríðskotabyssum og sprengjuvörpum.**

**Franski flotinn hefur gengið harðast fram í aðgerðum gegn meintum sjóræningjum á Adenflóa og Indlandshafi að undanförnu, en herskip frá tólf þjóðlöndum taka nú þátt í sjóránsvörnum á þessum slóðum. - aa**

Kirkjugarður í Senegal:

# Samkynhneigður grafinn upp

**SENEGAL Lík manns hefur tvisvar verið grafið upp af fólki sem vill ekki að samkynhneigðir hvíli í múslömskum kirkjugarði í Senegal. Frá þessu er greint á Fréttavef BBC.**

**Maðurinn, sem var á fertugsaldri þegar hann lést, var upphaflega grafinn í kirkjugarðinum í bænum Thies síðastliðinn laugardag. Skömmu síðar grófu íbúar bæjarins líkið upp og skildu eftir nærri gröfinni.**

**Ættingjar mannsins jarðsettu líkið aftur, en það var enn grafið upp og skilið eftir fyrir utan hús fjölskyldunnar, að sögn lögreglu í bænum.**

**Líkinu hefur nú verið komið fyrir utan kirkjugarðsins.**

**Senegölsk lög banna kynferðislegt samneyti fólks af sama kyni. - kg**

Viðbúnaður í Eyjum:

# Eldur um borð í lýsisskipi

**VESTMANNAEYJAR** Eldur kom upp í vélarrúmi lýsisskipsins West Stream sem lá við bryggju í Vestmannaeyjum um sexleytið í gærdag. Allt tiltækt slökkvilið var kallað út en áhöfn hafði þegar tekist að slökkva eldinn þegar það bar að garði.

Að sögn Ragnars Þórs Baldvinssonar, slökkviliðsstjóra í Vestmannaeyjum, lítur út fyrir að kviknað hafi í mótor í vélarrúmi skipsins. Skipið var reykræst eftir að eldurinn var slökktur.

Ragnar segir að eldur í skipum sé alltaf tekinn alvarlega af slökkviliði. Áhöfnin hafi brugðist hárrétt við og skipið geti væntanlega haldið áfram för sinni í dag. - kg

# Stækkun landgrunns gæti aukið tekjurnar

**Íslendingar vilja víkka út landgrunn við Reykjaneshrygg og hafa skilað greinargerð þar um til Sameinuðu þjóðanna. Nýting auðlinda á hafsbotni gæti numið háum upphæðum. Ekki er tekið á Hatton Rockall-svæðinu í skýrslu Íslendinga.**

**UTANRÍKISMÁL** Íslendingar gera stóraukið tilkall til aukins landgrunns á Reykjaneshrygg. Það gæti þýtt auknar tekjur vegna nýtingar auðlinda á hafsbotni. Krafan kemur til vegna breytts skilnings á eðli hryggjarins. Íslendingar vilja skilgreina hann sem neðansjávarhæð en ekki neðansjávarhrygg, í skilningi Hafréttarsamnings Sameinuðu þjóðanna. Það þýðir að landgrunnið nær 850 sjómílur frá landi í stað 350 áður.

Starfshópur skilaði greinargerð til Sameinuðu þjóðanna í síðustu viku. Hópurinn tók ekki á Hatton Rockall-svæðinu, en deilt hefur verið við Breta, Íra og Dani, fyrir hönd Færeyinga, um það svæði. Tómas H. Heiðar, þjóðréttarfræðingur í utanríkisráðuneytinu, segir að landgrunnsnefnd SÞ fjalli ekki um svæði sem deilt er um. Ætli menn að nýta auðlindir við Hatton Rockall þurfi að ná samkomulagi um skiptingu svæðisins.

Hvað landgrunnið varðar segir Tómas að um ýmis konar auðlindir gæti verið að ræða. Er þar fyrst að nefna jarðefnaauðlindir eins og olíu, gas og málma. Þá megi nefna lífrænar auðlindir að ógleymdum jarðhitanum. „Það er erfitt að slá tölu á þær tekjur sem af þessu gætu fengist, en það eru auknar líkur á að við Reykjaneshrygg séu afar verðmæt jarðhitaréttindi. Það er bara tímaspursmál hvenær þau verða nýtt.“

Í greinargerð Íslendinga er einnig gert ráð fyrir útvíkkun landgrunns fyrir norðaustan landið, á svokölluðu Ægisdjúpi. Í því tilviki er um að ræða hlut Íslendinga í svæði sem Íslendingar, Danir og Norðmenn sömdu um skiptingu á árið 2006. Hver þjóð þarf að kynna sinn hlut úr samningnum fyrir landgrunnsnefndinni. Verði orðið við öllum kröfum Íslendinga um stærra landgrunn, við Reykjaneshrygg, Ægisdjúp og Hatton Rockall, stækkar landgrunn utan 200 mílna um fjórtánfalda stærð Íslands.




**STÆKKUNIN** Íslendingar vilja víkka landgrunn þjóðarinnar út eins og sést á rauðu svæðunum. Græna svæðið, Hatton Rockall, á eftir að semja um. Alls er um stækkun að ræða sem nemur fjórtánföldu flatarmáli Íslands, um 1.400 þúsund ferkílómetrum.

Ísland mun kynna greinargerðina fyrir nefndinni í lok ágúst. Tómas segir fjölda vísindamanna á ÍSOR hafa lagt mikla vinnu í greinargerðina og Íslendingar telji sig hafa góð rök fyrir því landgrunni sem þar er lýst. „Við höfum lagt áherslu á að helga okkur sem víðáttumest landgrunnsvæði og framtíðin verður síðan að skera úr um það hvaða auðlindir þar er að finna.“

kolbeinn@frettabladid.is



**HAFNARFJARÐARHÖFN** Margir rússneskir togarar höfðu vetursetu í Hafnarfirði.

Vor í Hafnarfjarðarhöfn:

# Rússatogarar tygja sig burt

**SJÁVARÚTVEGUR** Rússneskir togarar sem verið hafa í Hafnarfjarðarhöfn í vetur stefna nú á úthafskarfamiðin á Reykjaneshrygg. Á vef Hafnarfjarðarhafnar segir enn fremur að fleiri rússneskir togarar hafi komið til Hafnarfjarðar til að sækja umbúðir og veiðarfæri auk þess að láta lagfæra eitt og annað um borð. „Það er von okkar að togararnir komi svo til Hafnarfjarðar og landi afla sínum þegar þeir hafa fengið fylli sína. Togarar frá fleiri þjóðum svo sem Færeyjum, Grænlandi, Noregi og Danmörk hafa verið tíðir gestir í Hafnarfjarðarhöfn í vor, ýmist til að sækja þjónustu eða landa afla sínum,“ segir á hafnarfjardarhofn.is. - gar

## DÓMSMÁL

### Beit lögregluþjón í lærið

Tæplega þrítugur maður hefur verið ákærður fyrir brot gegn valdstjórninni, en hann beit lögregluþjón í vinstra læri í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í september síðastliðnum. Ákæran var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

## NOREGUR

### Hjólahjálmar sem hattar

Norðmenn hafa sett á markað hjólahjálma fyrir fullorðna sem líta út eins og fínustu hattar og húfur. Þetta er gert til að fá hjólreiðamenn til að nota hjálma í auknum mæli.




Fyrsti íslenski auðjöfurinn er gjaldþrota þrátt fyrir flóttatilraun til Rússlands:

# Magnús Þorsteinsson er gjaldþrota

**DÓMSTÓLAR** Bú athafnamannsins Magnúsar Þorsteinssonar hefur verið tekið til gjaldþrotaskipta að beiðni Straums-Burðaráss. Héraðsdómur Norðurlands eystra kvað upp úrskurð þess efnis í gær.

Magnús hefur ekki staðið í skilum með tæplega milljarðs lán frá Straumi. Hann flutti lögheimili sitt til Rússlands skömmu eftir að gjaldþrotaskipta var krafist og hélt lögmaður hans því fram að vegna þess væri málið ekki lengur í íslenskri lögsögu og ekki væri hægt að ganga að eigum hans. Á þetta féllst héraðsdómur ekki þar sem krafan var fram komin áður en lögheimilið var flutt. Magnús hefur tvær vikur til að áfrýja úrskurðinum. Líklegt er að það verði gert.

Lögmaður Magnúsar fullyrðir jafnframt að hann sé fullfær um að standa við skuldbindingar sínar. Því mótmælti lögmaður Straums.



**VAR AUÐKÝFINGUR** Magnús keypti Landsbankann ásamt Björgólfsfeðgum árið 2002. Auðæfi hans voru metin á tuttugu milljarða árið 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

Magnús lagði grunninn að veldi sínu í Rússlandi með Björgólfsfeðgum og keypti með þeim Landsbanka Ísland árið 2002. Um mitt ár 2007 voru auðæfi Magnúsar metin á um tuttugu milljarða króna. Magnús var um tíma stjórnarformaður Avion Group, Eimskipafélagsins og sat í stjórn Icelandic Group. - sh




# Við elskum alla

Nú geturðu valið þér sex vini hjá hvaða farsímafyrirtæki sem er.

## 0 kr. á netið í símanum á kvöldin og um helgar.

**M-IÐ Í SÍMANUM**
Farðu á netið í símanum og sláðu inn m.siminn.is og þú ert kominn á M-ið, upphafið að endalausri afþreyingu.

Gildir frá kl. 19.00 - 24.00 mánudaga til fimmtudaga og frá kl. 19.00 á föstudögum til miðnættis á sunnudögum.



Gildir til **1. JÚNÍ**

Það er **Síminn**

800 7000 • siminn.is

ENNEMM / SÍA / NM37826

## GENGIÐ 04.05.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
| --- | --- | --- |
| Bandaríkjadalur | 127,21 | 127,81 |
| Sterlingspund | 189,21 | 190,13 |
| Evra | 168,6 | 169,54 |
| Dönsk króna | 22,624 | 22,756 |
| Norsk króna | 19,383 | 19,497 |
| Sænsk króna | 15,811 | 15,903 |
| Japanskt jen | 1,2794 | 1,2868 |
| SDR | 190,07 | 191,21 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

207,4831

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Forsætisráðherra Nepals segir af sér vegna ágreinings við forseta:

# Maóistar fylkja liði á ný

**NEPAL, AP** Pushpa Kamal Dahal, forsætisráðherra Nepals, sagði af sér í gær, að eigin sögn til að „bjarga friðarferlinu" sem árið 2006 batt enda á blóðuga borgarastyrjöld, sem geisað hafði í áratug.

Ástæða afsagnarinnar er sú að Ram Baran Yadaf, forseti Nepals, neitaði á sunnudag að fallast á ákvörðun Dahals forsætisráðherra um að reka yfirmann hersins.

„Þessi ákvörðun forsetans, sem er í andstöðu bæði við stjórnarskrána og lýðræði, hefur leitt af sér alvarlega stjórnmálakreppu í landinu. Forsetinn hefur engin völd til að leika einleiki í þessum málum án fyrirfram samþykkis frá ríkisstjórninni," sagði Dahal. „Þetta er banvæn árás á lýðræði í frumbernsku."



**MÓTMÆLI Í NEPAL** Maóistar boða mótmæli þangað til forseti landsins fellst á brottrekstur herforingja. NORDICPHOTOS/AFP

Dahal, sem er maóisti og fyrrverandi skæruliðaleiðtogi, hugðist reka hershöfðingjann fyrir að hafa ekki framfylgt ákvæðum friðarsamkomulagsins um að veita fyrrverandi skæruliðum inngöngu í herinn.

Fáeinum klukkustundum eftir að Dahal sagði af sér boðuðu maóistar mótmælaaðgerðir og segjast staðráðnir í að stöðva starfsemi þjóðþingsins þangað til forsetinn hefur tekið ákvörðun sína til baka.

Í borgarastyrjöldinni börðust maóistar fyrir afnámi konungseinveldis í landinu. Þessu takmarki náðu þeir fram, en vaxandi reiði hefur beinst gegn stjórn þeirra vegna erfiðs efnahagsástands. - gb

Skoðanakönnun í Ísrael:

# Obama veldur Ísraelum óróa

**ÍSRAEL, AP Ísraelar hafa áhyggjur af því að Barack Obama Bandaríkjaforseti gerist samvinnuþýðari við araba og múslima en fyrri Bandaríkjastjórn, og það muni koma niður á hagsmunum Ísraels.**

**Samkvæmt nýrri skoðanakönnun eru 63 prósent Ísraela áhyggjufull vegna þessa, en þrátt fyrir það segjast 60 prósent þeirra hafa gott álit á Obama.**

**Avigdor Lieberman, utanríkisráðherra Ísraels, kom til Ítalíu í gær. Þar sagðist hann ólmur vilja semja um frið við nágrannaríki landsins, en ítrekaði þó andstöðu sína við að stofnað yrði sjálfstætt ríki Palestínumanna. - gb**



**INNIKRÓAÐIR TAMÍLAR** Almennir borgarar á átakasvæðinu gera sér húsaskjól. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Borgarastríðið á Srí Lanka:

# Herinn þjarmar að tamílum

**SRÍ LANKA, AP** Stjórnarherinn á Srí Lanka heldur áfram að þjarma að uppreisnarsveitum tamíla, sem eru innikróaðar á nærri fimm kílómetra langri strandlengju.

Vesturlönd senda hvern fulltrúann á fætur öðrum til að freista þess að fá stjórnvöld til að fallast á vopnahlé. Menn hafa vaxandi áhyggjur af tugum þúsunda almennra borgara, sem eru innikróaðir á svæðinu, ásamt þeim 200 þúsund almennu borgurum sem þegar hafa flúið undan átökunum.

„Herinn er hægt og rólega að sækja inn á svæðið frá vestri, norðri og suðri," segir Udaya Nanayakkara, talsmaður stjórnarhersins. - gb

**DÓMSTÓLAR**

### Skar mann í lófann

Tæplega tvítugur maður hefur verið ákærður fyrir alvarlega líkamsárás, en hann lagði til annars með hníf svo sá hlaut stóran skurð í lófann. Árásin átti sér stað við bensínstöð Atlantsolíu við rætur Öskjuhlíðar.

**LEIÐRÉTTING**

Í forsíðufrétt blaðsins í gær var farið ranglega með föðurnafn Guðmundar Freys Jónassonar tölvunarfræðings, sem hannað hefur og markaðssett hugbúnað til að stilla gítar í gegnum farsíma.

# Björgólfur í ábyrgð fyrir 58 milljörðum

**Persónulegar ábyrgðir Björgólfs Guðmundssonar við Landsbankann nema í dag um 58 milljörðum króna. Eignir hans á móti skuldinni eru um tólf milljarðar. Eignir hans hafa rýrnað um 116 til 128 milljarða á aðeins sautján mánuðum.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta lítur ekki vel út, það er rétt. En hver hefði trúað að á annað hundrað milljarða yrði að núlli einn góðan veðurdag?" segir Björgólfur Guðmundsson, athafnamaður og fyrrverandi stjórnarformaður Landsbankans. „Ég vil með þessu gera grein fyrir stöðu minni af heilindum."

Björgólfur sendi fjölmiðlum í gær upplýsingar um stöðu eigna sinna og skuldbindinga við Landsbankann. Þar kemur fram að persónulegar ábyrgðir hans hjá Landsbankanum nema nú um 58 milljörðum króna og eignir fyrirtækja Björgólfs hafa rýrnað um 116 til 128 milljarða króna frá ársbyrjun 2008. Eignir hans á móti skuld við bankann eru metnar á um tólf milljarða.

Athygli vekur hversu háar persónulegar ábyrgðir Björgólfs eru, ólíkt því sem gerist með marga aðra stóreignamenn sem hafa farið illa út úr efnahagshruninu. Björgólfur segir ástæðu þessa vera að hann átti eignir sem voru mun hærri en skuldirnar og að bankar hafi talist tryggustu eignir sem hægt væri að eiga. „Ég tók því persónulega ábyrgð á því sem ég var að gera. Ég reiknaði ekki með hruni þegar ég skrifaði upp á þetta, en ég tek afleiðingunum."

Björgólfur hefur gengið í samábyrgðir með syni sínum Björgólfi Thor Björgólfssyni en vill ekki ræða stöðu hans þar sem þeir séu tveir aðskildir fjárfestar. Hins vegar er ljóst að þær skuldir sem Björgólfur hefur gengið í samábyrgð fyrir ásamt syni sínum og getur ekki borgað, falla sjálfkrafa á Björgólf Thor. Um háar upphæðir er þar að ræða.



**EIGNIR BJÖRGÓLFS 1. JANÚAR 2008***

| Nafn félags | |
| --- | --- |
| - Landsbanki Íslands | 81 |
| - Straumur Burðarás | 28 |
| - Eimskip | 16 |
| - Icelandic | 3 |
| - West Ham United | 15 |
| **- Samtals** | **143 milljarðar** |

* Aðeins West Ham stendur eftir

**BJÖRGÓLFUR GUÐMUNDSSON** Skuld hans við Landsbankann er 46 milljarðar króna þegar tekið hefur verið tillit til væntanlegs virðis með sölu eigna. Það er í höndum kröfuhafa hvort gjaldþrot blasir við Björgólfi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

„Ég stend uppi með spurninguna, hver er mín staða. Ég viðurkenni að ég er svolítið áttavilltur," segir Björgólfur spurður hvort hann missi allt sitt – og þar með heimili sitt að Vesturbrún 22 í Reykjavík. „Ég veit bara ekki hverju ég held eftir. En ég hef áhyggjur af öllu." Björgólfur segir að hafi verið gerð mistök – og þá sérstaklega í ljósi einkavæðingar bankanna – þá hafi þau verið hans mistök. Hann vilji ekki dæma aðra.

Bróðurpartur skuldbindinga Björgólfs við Landsbankann er ábyrgðir fyrir fjárfestingarfélagið Gretti, tengdar Eimskipi og Icelandic, eða um 50 milljarðar króna. Stjórn Grettis mun óska eftir því á næstunni við Héraðsdóm Reykjavíkur að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta. Allar skuldir Grettis falla á Björgólf. Skuldbindingar hans við aðra banka og lánastofnanir, bæði innlendar og erlendar, eru einnig umtalsverðar en uppgjör þeirra hefur ekki farið fram.

svavar@frettabladid.is



**AÐ SKILJA** Hjónin Veronica Lario og Silvio Berlusconi. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Stjórnmál og hjónabandserjur:

# Berlusconi vill afsökunarbeiðni

**ÍTALÍA, AP** Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu, lét hafa eftir sér í gær að hann vissi ekki hvort hann kærði sig um að reyna að bjarga hjónabandi sínu, Auk þess krafði hann eiginkonuna, Veronicu Lario, um afsökunarbeiðni vegna ummæla sem hún lét falla um hann í fjölmiðlum um helgina.

Lario staðfesti á sunnudag að hún hefði sótt um skilnað og vísaði til stöðugs daðurs eiginmannsins við yngri konur. Þau Berlusconi hafa verið saman síðan árið 1980, gift síðan 1990 og eiga þrjú uppkomin börn. Þau hafa búið hvort í sínu lagi í nokkur ár.

Dagblaðið La Stampa hafði eftir Berlusconi að þetta væri „í þriðja sinn sem hún gerir mér svona grikk í miðri kosningabaráttu". Kosið verður til Evrópuþingsins í júní. - aa

**DÓMSTÓLAR**

### Strauk dreng og beraði sig

Karlmaður hefur verið ákærður fyrir kynferðisbrot í búningsklefa Bláa lónsins í apríl síðastliðnum. Manninum er gefið að sök að hafa strokið bak drengsins og niður á rass innanklæða og jafnframt að hafa sýnt honum kynfæri sín. Pilturinn krefst 300 þúsund króna í bætur.


LAGERSALA Opið 13-18





Eldhúsvaskar
Frá kr. 3.900

Blöndunartæki
Frá kr. 3.900

Baðspeglar
Kr. 990





Mikið úrval af krókum handklæðaslám og fl.

Sími: 894 1411 / 861-7540
Norðurhella 10 Hafnarfjörður


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson veðurfræðingur

**SNÝST SMÁM SAMAN Í NORÐRIÐ**

Eftir daginn í dag eru horfur á norðlægum áttum fram að helgi. Þetta þýðir hægt kólnandi veður fyrir norðan ásamt úrkomu af og til, rigningu eða slyddu en snjókomu sums staðar á föstudag. Syðra verður víðast bjart veður. Talsvert vindasamt verður á fimmtudag og föstudag en mjög góðar veðurhorfur eru um mest allt land næstu helgi.



Á MORGUN 5-10 m/s.

FIMMTUDAGUR 8-15 m/s, hvassast vestan til.

**HEIMURINN**

| | |
| --- | --- |
| Alicante | 23° |
| Amsterdam | 15° |
| Basel | 14° |
| Berlín | 14° |
| Billund | 14° |
| Eindhoven | 13° |
| Frankfurt | 12° |
| Friedrichshafen | 14° |
| Gautaborg | 17° |
| Kaupmannahöfn | 12° |
| Las Palmas | 19° |
| London | 19° |
| New York | 13° |
| Orlando | 31° |
| Osló | 16° |
| París | 16° |
| Róm | 22° |
| Stokkhólmur | 11° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

Ný lausn í heimabanka Byrs




# Þú getur sparað **milljooo.ooonir** með niðurgreiðslu íslenskra lána!

## - það er fjárhagsleg heilsa!



DYNAMO REYKJAVIK




**Milljóna sparnaður með 10.000 króna aukagreiðslu á mánuði**

Tökum sem dæmi 11 milljón króna verðtryggt íbúðalán sem tekið var í september 2007. Með því að greiða 10.000 krónur aukalega á mánuði, sparast 10.671.376 krónur á lánstímanum. Miðað er við 6% vexti og 5% verðbólgu á 40 ára lánstíma. Aukagreiðslan bætist við mánaðarlega afborgun og lækkar höfuðstól lánsins. Höfuðstóllinn lækkar hraðar en upphaflegar afborganir gera ráð fyrir og við það sparast milljónir í vaxtakostnaði og verðbótum.

## Það er einfaldara en þú heldur!

- **Einföld aðgerð í heimabanka Byrs þér að kostnaðarlausu**
- **Stakar eða fastar mánaðarlegar greiðslur**
- **Ekkert uppgreiðslugjald á íslenskum lánum undir 50 m.kr. hjá Byr**

**Sjáðu hvað þú sparar á byr.is**

**Nýttu þér persónulega þjónustu og faglega ráðgjöf í sparisjóðnum**

## Lausnir með fjárhagslegri heilsu

Fjármálanámskeið á mannamáli ▪ Stöðumatið mitt og Heimilisbókhald ▪ Fjármálapróf ▪ Heilsupróf og ráðgjöf ▪ Lenging lána ▪ Greiðslujöfnun húsnæðislána ▪ Fyrirframgreiðsla Lífsvals ▪ Frysting erlendra lána ▪ Niðurgreiðsla lána

BYR SPARISJÓÐUR

www.byr.is | sími 575 4000

**KJÖRKASSINN**



*Taka viðræður um stjórnarmyndun of langan tíma?*

| | |
|---|---|
| Já | 76,2% |
| Nei | 23,8% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG**

*Lestu fleiri bækur eftir að kreppan skall á þjóðinni?*

Segðu skoðun þína á Vísir.is

Greiðslustaða Keflavíkurflugvallar er slæm og lausafjárhlutfall óásættanlega lágt að mati sérfræðinga:

# Félagið stendur ekki undir fjárfestingum

**SAMGÖNGUMÁL** Nýstofnað opinbert hlutafélag sem tók yfir rekstur Keflavíkurflugvallar um áramót hefur ekki bolmagn til að standa undir nauðsynlegum fjárfestingum með þeim tekjum sem áætlað er að rekstur flugvallarins skili á næstu árum.

Þetta kemur fram í sérfræðiskýrslu sem unnin var vegna stofnefnahagsreiknings Keflavíkurflugvallar ohf.

Miðað við nauðsynlegar fjárfestingar á næstu tíu árum stefnir að óbreyttu í að félagið tapi vegna þeirra um 1,7 milljörðum króna á ári næstu tíu árin, segir í skýrslunni. Þar segir að greiðslustaða hins nýstofnaða félags sé ekki góð, og útreiknað lausafjárhlutfall í upphafi rekstrar geti ekki talist ásættanlegt.

Samkvæmt stofnefnahagsreikningi Keflavíkurflugvallar ohf., sem samþykktur var á framhaldsstofnfundi félagsins 24. apríl síðastliðinn, er eigið fé félagsins tæplega 6,4 milljarðar króna. Það skiptist í fjögurra milljarða króna hlutafé ríkisins, og 2,4 milljarða króna varasjóð. Skuldir félagsins eru 22,5 milljarðar.

Stærsta eignin sem ríkið leggur félaginu til er Flugstöð Leifs Eiríkssonar, sem metin er á rúmlega 16,9 milljarða króna. Verðmæti leyfis til reksturs fríhafnar er metið á 1,9 milljarða króna. Þá er verðmæti afnotaréttar af flugbrautunum á Keflavíkurflugvelli til 30 ára metið á 5,7 milljarða króna. Að auki fær félagið meðal annars fasteignir frá Þróunarfélagi Keflavíkurflugvallar, og fasteignir sem áður tilheyrðu bandarískum stjórnvöldum. - bj



**FRÍHÖFN** Verðmæti leyfis til að reka fríhöfn er talið vera 1,9 milljarðar króna. Áætlanir gera ráð fyrir því að hver ferðamaður eyði að meðaltali 2.723 krónum í fríhöfninni. MYND/ODDGEIR KARLSSON


SIGIN GRÁSLEPPA

Fiskikóngurinn • Sogavegi 3 • 108 Reykjavík • sími 587 7755


# Obama ætlar að loka skattaskjólum

**Bandaríkjaforseti ætlar að útvega skattyfirvöldum 800 nýja starfsmenn til að elta uppi þá sem hafa komið fé sínu undan í skattaskjólum. Hann segir núverandi skattalög auðvelda einstaklingum og fyrirtækjum að misnota kerfið.**

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti kynnti í gær tillögur í skattamálum, sem ganga út á það að takmarka mjög möguleika einstaklinga og fyrirtækja til að koma sér hjá skattgreiðslum með því að flytja fé sitt og starfsemi til annarra landa.

Hugmyndin er sú að gera það hagstæðara fyrir fyrirtæki að vera með og skapa ný störf heima fyrir frekar en að flytja starfsemi til útlanda. Einnig á að aflétta að hluta þeirri leynd sem hefur verið yfir bankaviðskiptum.

„Ef fjármálafyrirtæki vilja ekki vinna með okkur, þá gerum við ráð fyrir að þau séu að verja fjármuni í skattaskjólum og grípum þá til viðeigandi ráðstafana,“ sagði Obama í gær, þegar hann kynnti hugmyndir sínar á blaðamannafundi í Hvíta húsinu.

Hann sagðist meðal annars ætla að útvega skatteftirliti Bandaríkjanna 800 manna starfslið, til viðbótar því sem fyrir er, svo unnt verði að elta uppi þá sem skjóta fé sínu undan skatti.

Obama lagði mikla áherslu á þessi mál í kosningabaráttu sinni á síðasta ári. Hann segir að næsta áratuginn eigi þessar áætlanir að skila ríkissjóði samtals um 210 milljörðum dala.

Ekki er þó meiningin að loka alveg fyrir alla möguleika á því að það geti verið hagstætt fyrir fyrirtæki að vera með starfsemi erlendis. Obama sagði þessar tillögur aðeins byrjunina á viðamiklum endurbótum í skattamálum, sem gera þurfi. Gera þurfi skattkerfið bæði einfaldara, sanngjarnara og skilvirkara, bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki.



**SKATTATILLÖGUR KYNNTAR** Barack Obama og Timothy Geithner fjármálaráðherra kynntu skattatillögur ríkisstjórnarinnar í anddyri Hvíta hússins í gær. NORDICPHOTOS/AFP

Núverandi fyrirkomulag sé hins vegar ótækt, því það gerir fyrirtækjum kleift að lækka skattbyrði sína verulega með því að flytja starfsemi sína til annarra landa. Samkvæmt núverandi lögum borga bandarísk fyrirtæki einungis skatta í Bandaríkjunum af tekjum starfsemi sinnar erlendis ef þau flytja hagnaðinn heim. Með því að halda hagnaðinum utan landsteinanna losna þau við að borga skatta heima fyrir. Þessu á að breyta, ef Obama fær þingið til þess að samþykkja þessa áætlun sína.

„Enginn vill borga skatta, sérstaklega ekki á tímum efnahagsálags,“ sagði Obama. „En flestir Bandaríkjamenn axla þó ábyrgð sína vegna þess að þeir átta sig á því að það er borgaraleg skylda, sem er nauðsynleg til að standa straum af sameiginlegum vörnum okkar og sameiginlegri velferð.“

gudsteinn@frettabladid.is


FSS

# Aðalfundarboð

Aðalfundur Félags símsmiða er boðaður

**7. maí 2009 kl. 17.00**

að Stórhöfða 31. kjallara (stóri fundarsalurinn).

Fundarefni:

Aðalfundardagskrá samkvæmt lögum Félags símsmiða

Guðmundur Gunnarsson formaður RSÍ fer yfir stöðu mála

*Stjórn Félags Símsmiða*


**Neytendur:** Kría og Tal

# *Hjólaviðgerðir og símareiknivél*



**DR. GUNNI**
neytendur@frettabladid.is

■ Sendið umboðsmanni neytenda ábendingar eða sparnaðarráð á neytendur@frettabladid.is

Nú er tími reiðhjóla. Líklega er þó margur reiðfákurinn að niðurlotum kominn í geymslu. Þar kemur Bretinn David sterkur inn. Hann hefur búið á Íslandi í tvö ár og opnaði nýlega reiðhjólaviðgerðaverkstæðið Kría að Hólmaslóð 4. Þar hefur hann opið til kl. 17 alla daga nema sunnudaga. David gerir við allar tegundir reiðhjóla og segist geta breytt druslu í gæðagrip. *„Ég tek að mér hjól sem önnur verkstæði myndu ekki snerta,“* segir hann, *„og ég reyni að vera ódýr enda er yfirbyggingin engin hjá mér.“*

Að allt öðru. Auðvelt er að fá hausverk við að rýna í verðskrár símafyrirtækja. Þetta



er ekki beint gegnsætt og auðskilið. Símafyrirtækið Tal hefur nú komið upp nýrri reiknivél á heimasíðu fyrirtækisins – www.tal.is. Þeir sem eru í viðskiptum við samkeppnisaðilana geta sett inn tölur af síðasta símreikningi til að sjá hvað sama þjónusta myndi kosta hjá Tal. Ekki get ég svarið að reiknivél Tals sé algerlega hlutlaus, og auðvitað væri best að svona samanburðarforrit væri á hlutlausum stað eins og hjá Neytendastofu. Þetta er þó skref í rétta átt hjá Tali og reiknivélin hjálpar við að lyfta hulunni af verðmyndun símafyrirtækjanna.


Þú getur gert kraftaverk

907 2002

Hjálparstarf kirkjunnar

www.help.is

SUZUKI Way of Life!

# SUZUKI
## fyrir skynsamt fólk

SX4 Sportjepplingurinn.
Með 1.6 eða 2.0 l vél




Verð frá 2.990.000
Meðaleyðsla frá 7,1 l/100 km

Fjölskyldubílinn Grand Vitara.
Sport, Limited, Luxury V6, Sport og Limited diesel




Verð frá kr. 3.840.000
Meðaleyðsla frá 7,7L/100km (diesel)

Sparaðu með visthæfum
Suzuki Splash




Verð frá 1.970.000
Meðaleyðasla frá 4,9L/100km

Swift - bensín eða diesel.
Handskiptur, sjálfskiptur,4x4
1,3L eða 1,5L vélar



Verð frá 2.190.000
Meðaleyðsla frá 4,5 L/100km (diesel)

Upplifðu einstaka
akstурseiginleika Jimny.
Handskiptur, sjálfskiptur




Verð frá kr. 2.590.000
Meðaleyðsla frá 7,3L/100km

**Komdu og reynsluaktu Suzuki - upplifunin verður ánægjuleg.**

SUZUKI SPARNEYTNI — SUZUKI — TRAUST UMBOÐ Í 27 ÁR

SUZUKI BÍLAR HF · SKEIFUNNI 17 · SÍMI 568 5100 · WWW.SUZUKI.IS

Hugtök Jan. 09

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvaða snyrtivöru ætla tveir landsliðsmenn í handbolta að setja á markað?*
2. *Hvað heitir eiginkona Silvio Berlusconi, forsætisráðherra Ítalíu?*
3. *Frá hvaða ári er símaskrá Sighvats Björgvinssonar, fyrrverandi ráðherra?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 26

# Ákæran gróft brot á réttarfarsreglunum

**Verjendur sakborninga í skattahluta Baugsmálsins fara fram á að málinu verði vísað frá. Segja ákært í þriðja skipti vegna einnar og sömu lögreglurannsóknar.**

**BAUGSMÁL** Ákæra á hendur sakborningum í skattahluta Baugsmálsins er grófasta brot á réttarfarsreglum sem um getur hér á landi, og þó víðar væri leitað, sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar, í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær.

Þar var tekist á um kröfur verjenda Jóns Ásgeirs, Kristínar Jóhannesdóttur og Tryggva Jónssonar um að málinu verði vísað frá dómi. Ákært er fyrir brot á skattalögum Jóns Ásgeirs og Tryggva persónulega, sem og meint brot í rekstri Baugs og Fjárfestingarfélagsins Gaums.

Verjendur sögðu í gær að vísa ætti málinu frá, meðal annars af þeirri ástæðu að þegar væri búið að gera sakborningum refsingu með úrskurði skattayfirvalda.

Verjendur telja málið hluta af hinu eiginlega Baugsmáli, sem hófst formlega með húsleit lögreglu hjá Baugi í ágúst 2002. Því sé í raun verið að ákæra í þriðja skipti vegna einnar og sömu lögreglurannsóknarinnar, sem sé skýrt brot á réttarfarsreglum.

Það hefur aldrei áður gerst hér á landi að ákært sé í þriðja skiptið vegna sömu rannsóknar, og það eftir að dómur fellur vegna fyrri ákæra, sagði Gestur. Eðlilegast væri því að vísa málinu frá til að koma í veg fyrir að sakborningar væru beittir því ofbeldi sem fælist í því að ákæruvaldinu væri misbeitt.

Kristín Edwald, verjandi Kristínar Jóhannesdóttur, sagði rannsókn málsins í raun hafa orðið ólögmæta um leið og Rúnar Guðjónsson var settur ríkislögreglustjóri í málinu í janúar 2007. Ástæðan væri sú að nokkrum dögum eftir skipun hans hefðu sakborningar verið boðaðir til skýrslutöku.

Á þeim tíma sem liðið hefði milli skipunar Rúnars og yfirheyrslunnar hefði ekki verið mögulegt fyrir hann að kynna sér gögn málsins og taka afstöðu til rannsóknarinnar. Því væri rannsóknin í raun ólögmæt frá þeim tíma.

Dómari í málinu hefur nú fjórar vikur til að kveða upp úrskurð sinn.

brjann@frettabladid.is



**OFBELDI** Eðlilegast væri að vísa málinu frá til að koma í veg fyrir að sakborningar séu beittir því ofbeldi sem felst í því að ákæruvaldinu sé misbeitt, sagði Gestur Jónsson, verjandi Jóns Ásgeirs Jóhannessonar (til vinstri), í héraðsdómi í gær.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FRÁLEITT HLUTI AF BAUGSMÁLINU

Rannsóknin á skattahluta Baugsmálsins hófst ekki með húsleit hjá Baugi í ágúst 2002, heldur eftir öflun gagna með húsleit í Lúxemborg í nóvember 2003, sagði Helgi Magnús Gunnarsson, saksóknari efnahagsbrota hjá ríkislögreglustjóra, í gær. Því sé fráleitt að að málið sé hluti af Baugsmálinu, þótt sakborningar séu að hluta til þeir sömu og í fyrstu tveimur málunum. Helgi sagði það raunar ekki hlutverk héraðsdóms að kveða upp úr um málið á þessu stigi, þar sem dómafordæmi sýndi að dráttur á rannsókn hefði ekki valdið frávísun, heldur kæmi hann til skoðunar við ákvörðun refsingar.

Saksóknari hafnaði því að athafnir setts ríkislögreglustjóra í málinu hefðu valdið því að rannsókn yrði ólögmæt. Ríkislögreglustjóri tæki ekki ákvörðun um skýrslutökur eða spurningar til sakborninga. Því skipti engu að settur ríkislögreglustjóri í málinu hefði ekki haft tíma til að kynna sér gögn frá þeim tíma sem hann tók við málinu þar til yfirheyrsla fór fram.

Fiskeldi styrkt:

## Bleikja kynbætt í Hólaskóla

**FISKELDI** Steingrímur J. Sigfússon, sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra, og Skúli Skúlason, rektor Háskólans á Hólum, undirrituðu nýlega samning um stuðning ráðuneytisins við kynbætur á eldisbleikju.

Samningurinn hljóðar upp á árlegt fjórtán milljóna króna framlag og er til fimm ára. Þeir fjármunir eru þegar fyrir hendi og kalla því ekki á aukin ríkisútgjöld.

Bleikjueldi hefur vaxið jafnt og þétt á undanförnum árum og í dag er framleiðsluverðmæti bleikju um tveir milljarðar á ári. Góðir möguleikar eru á að auka framleiðsluna enn frekar í nánustu framtíð, enda eru Íslendingar fremstir í bleikjueldi og eiga stóra markaðshlutdeild á heimsvísu. - shá

Dæmdar fyrir kókaínsmygl:

## Tvær belgískar konur í fangelsi

**DÓMSMÁL Tvær belgískar konur, 25 og 31 árs, hafa verið dæmdar í tíu mánaða fangelsi fyrir innflutning á kókaíni. Þær voru handteknar í Leifsstöð við komuna frá Amsterdam í apríl síðastliðnum með samtals ríflega 350 grömm af kókaíni innvortis.**

**Ljóst þykir að báðar konurnar hafi verið burðardýr. Þær játuðu brot sín greiðlega og voru samvinnufúsar við rannsókn málsins, að því er segir í dómnum.**

**Konurnar frömdu brotið í sameiningu og hljóta því sömu refsingu þótt nokkur munur hafi verið á því magni sem þær voru með innvortis. - sh**




**STAÐSETNINGIN** Fuglaskoðunarhúsið er við Leiruvog.

Leiruvogur í Mosfellsbæ:

## Nýtt hús til fuglaskoðunar

**NÁTTÚRA** Nýtt fuglaskoðunarhús hefur verið opnað við Leiruvog í Mosfellsbæ. „Húsið er vel staðsett nálægt leirunni þar sem fjöldi vaðfugla er, ásamt því að veita góða yfirsýn yfir Langatanga sem margar fuglategundir nýta sér sem hvíldarstað. Inni í húsinu er að finna greinargott upplýsingaskilti um þá fugla sem finna má á leirunni,“ segir í mosfellsbaer.is. Lyklar að fuglaskoðunarhúsinu eru í Íþróttamiðstöðinni Lágafelli. - gar


NÚ GETUR ÞÚ LEIGT BÓKHALDSKERFIÐ!



Með kerfisleigu er bókhaldskerfið þitt hýst hjá Landsteinum Streng. Við sjáum um að stofnkostnaður og rekstrarkostnaður sé í lágmarki auk þess sem við sjáum um afritun og uppfærslur. Þannig getur þú einbeitt þér að rekstri fyrirtækis þíns og látið okkur um tæknilegu hliðina. Það eina sem þú þarft er tölva með internettengingu og þú getur nálgast gögnin þín hvar sem er, hvenær sem er.




Með þessu móti tryggir þú þér viðskiptahugbúnað sem getur vaxið með fyrirtækinu án takmarkana og án þess að hafa áhyggjur af vélbúnaði, uppsetningu eða afritun. Við þennan grunn er síðan hægt að bæta fjölda sérkerfa eftir þörfum eftir því sem hentar.

***Hafðu samband við söluráðgjafa okkar í síma 550 9000 til að fá nánari upplýsingar hvernig þú getur lækkað rekstrarkostnaðinn!***

**Með Microsoft Dynamics NAV fylgir:**

Fjárhagsbókhald, Lánardrottnakerfi, Sölureikningar, Innkaupakerfi, Eignakerfi, Birgðabókhald, Gjaldkeri, Forðabókhald, Viðskiptamannabókhald, Eignakerfi, Sölubókhald, Tengslastjórnun

**... og ótakmarkaðar færslur!**

**Viðbætur við Microsoft Dynamics NAV:**

Launabókhald, Verkbókhald, Tollakerfi, Innheimtukerfi, Tímaskráningakerfi, Samþykktakerfi, Verslunarkerfi fyrir smærri og stærri verslanir.

LANDSTEINAR STRENGUR

Ármúla 7 · 108 Reykjavík · Sími 550 9000 · Fax 550 9010 · www.LS.is

*Okkar þekking - þitt forskot!*

IPMA · VOTTUN HF IST ISO 9001 · Microsoft GOLD CERTIFIED Partner · Microsoft Dynamics

Microsoft Dynamics Regional ISV Partner of the Year 2007
Microsoft Business Solutions Global ISV of the Year 2005
LS Retail NAV - Certified for Microsoft Dynamics



LYFJA

- Lifið heil

www.lyfja.is

# + gott betra

**Við í Lyfju Lágmúla höfum breytt verslun okkar.** En við gerum gott betur til að koma til móts við þarfir þínar.

Afgreiðslan er nú skilvirkari. Ef þú þarft að bíða þá höfum við gert biðina þægilegri og samtalsaðstaða hjá lyfjafræðingi hefur verið bætt.

Auk þess bjóðast núna spennandi vörunýjungar í hreinlætis- og snyrtivörum.

Við tökum þér opnum örmum milli kl. 07 að morgni og 01 eftir miðnætti, alla daga vikunnar.

ÍSLENSKA SIA.IS LYF 46024 05/09

# Lyfseðilskyld lyf með afslætti

## í Lyfju Lágmúla

**10%**
**afsláttur**

**Dagana 5.–10. maí** bjóðum við þér enn meiri afslátt. Viðskiptavinir fá 10% viðbótarafslátt af hluta sjúklings **af lyfseðilsskyldum lyfjum** í Lyfju Lágmúla. Komdu og fáðu lyfin á enn lægra verði.

# Nýjung í mælingum Lyfju Lágmúla

**heilsu**
**mælingar**

Við bjóðum allar helstu heilsufarsmælingar í Lyfju í Lágmúla. Nú mælum við einnig blóðrauða og blóðmagn. Þú eykur öryggi þitt með því að fá mælingu.

Kynntu þér hjúkrunarþjónustu okkar og heilsufarsmælingar á **www.lyfja.is**

**25%**
**afsláttur +**
**af öllum Sothys kremum í Lágmúlanum – aðeins í dag.**

**Sérfræðingur verður á staðnum frá kl. 13–17 í dag og býður viðskiptavinum upp á húðgreiningu.**




+ Gildir þriðjudaginn 5. maí á meðan birgðir endast.

**30%**
**afsláttur +**
**5.–10. maí í Lágmúlanum.**

**SOLARAY vítamín** eru hágæða fjörefni á hagstæðu verði. Þú færð bætiefnin sem þú þarft úr daglegri fæðu en oftast vantar eitthvað. Góð fjölvítamín og steinefni bæta þér upp það sem á skortir.




+ Gildir 5.–10. maí á meðan birgðir endast.

Lágmúla - Laugavegi - Garðatorgi - Smáralind - Smáratorgi - Setbergi - Spönginni - Borgarnesi - Grundarfirði - Stykkishólmi - Búðardal - Patreksfirði - Ísafirði - Bolungarvík - Blönduósi - Hvammstanga Skagaströnd - Sauðárkróki - Húsavík - Kópaskeri - Raufarhöfn - Þórshöfn - Egilsstöðum - Seyðisfirði - Neskaupstað - Eskifirði - Reyðarfirði - Fáskrúðsfirði - Höfn - Laugarási - Selfossi - Grindavík - Keflavík



**SPARISVÍN TIL SÖLU** Þessir sparigrísir voru til sölu í miðbæ San Salvador, höfuðborgar El Salvador, í gær. Heilbrigðisráðherra landsins staðfesti á sunnudag að tveir í landinu hefðu greinst með svínaflensu. Aukinn viðbúnaður er viðhafður á sjúkrahúsum vegna þessa. NORDICPHOTOS/AFP

Forstjóri Fiat er í Berlín til að ræða yfirtöku á Opel-bílaverksmiðjunum:

# Háar ríkisábyrgðir kæmu til

**BERLÍN, AP** Fiat Group SpA stefnir að því að taka yfir rekstur Opel-verksmiðjanna í Þýskalandi án þess að hlaða upp skuldum, en það er háð því að samkomulag takist sem myndi fela í sér ríkisábyrgðir fyrir lánum upp á milljarða evra.

Frá þessu greindi Karl-Theodor zu Guttenberg, viðskiptaráðherra Þýskalands, í Berlín í gær eftir fund sem hann átti með Sergio Marchionne, forstjóra Fiat-samsteypunnar. Marchionne hefur lýst vilja Fiat til að yfirtaka evrópskar einingar General Motors, en Opel er langstærst þeirra, og sameina í eitt fyrirtæki ásamt leifunum af bandarísku Chrysler-bílasmiðjunum, sem Fiat er þegar búið að semja um að kaupa.



**SAMRUNI?** Fiat-bíll ber hér með stolti merki hinnar 110 ára gömlu ítölsku bílasmiðju með Opel-merkið í bakgrunni á bílasölu í Asperg við Stuttgart. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

GM hefur verið að reyna að koma Evrópustarfsemi samsteypunnar í verð í viðleitni til að forða þessum fyrrum stærsta bílaframleiðanda heims frá gjaldþroti.

Auk þýsku Opel-verksmiðjanna, sem um 25.000 manns starfa hjá, er GM í Evrópu með framleiðslu undir merkjum Opel og breska systurmerkisins Vauxhall í Bretlandi, Belgíu, Póllandi og á Spáni. Þá heyra sænsku Saab-verksmiðjurnar einnig undir GM í Evrópu. Heildarstarfsmannafjöldinn í Evrópu er að sögn GM 54.500 manns. Réttlætingin fyrir ríkisábyrgðum fyrir lánum fyrir yfirtökunni er að sem fæst af þessum störfum verði skorin niður nú í kreppunni. **- aa**

Heimiliserjur úr böndunum:

## Stakk manninn sinn með hnífi

**LÖGREGLUMÁL Lögregla handtók í fyrrinótt rúmlega fimmtuga konu sem hafði stungið sambýlismann sinn með hnífi í öxlina. Atvikið varð í heimahúsi í Grafarvogi. Maðurinn hlaut stungusár en gat þó hringt eftir hjálp.**

**Maðurinn er ekki alvarlega meiddur, að sögn varðstjóra lögreglu. Konan var í annarlegu ástandi þegar hún var handtekin og var færð í fangageymslur. Hún var yfirheyrð síðdegis.**

**Að sögn varðstjóra virðist sem heimiliserjur hafi farið úr böndunum með fyrrgreindum afleiðingum. - sh**

Stakk mann þrisvar með hnífi:

## Fundinn sekur og dæmdur til vistar á stofnun

**DÓMSTÓLAR Karlmaður á þrítugsaldri hefur verið fundinn sekur um alvarlega líkamsárás á starfsmanna áfangaheimilis fyrir fatlaða.**

**Hann réðst á starfsmanninn með hníf og stakk hann þrívegis. Ákærði var hins vegar metinn ósakhæfur og dæmdur til vistar á stofnun.**

**Maðurinn var ákærður fyrir tilraun til manndráps, og til vara fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás.**

**Háttsemin var ekki talin falla undir skilgreininguna á morðtilraun.**

**Starfsmaðurinn sem á var ráðist hlaut þrjú skurðsár; á handlegg, herðablaði og upphandlegg. - sh**

Fækkar um þrjátíu stöðugildi kennara með niðurfellingu aukastundar:

# Stöðugildin til í yfirvinnu

**MENNTAMÁL** Með því að fella niður aukastund í yngstu bekkjum grunnskóla Reykjavíkur fækkar stöðugildum í skólunum um þrjátíu. Þetta segir Þorgerður Diðriksdóttir, formaður Kennarafélags Reykjavíkur. Hún segir að ekki þurfi þó að segja fastráðnum kennurum upp störfum. „Þau stöðugildi eru til með þeirri yfirvinnu sem kennurum hefur verið falin undanfarin ár,“ segir Þorgerður. Ekki þurfi því að leggja til aukafjármagn til skólanna.

Þorgerður minnir á markmið sem Hanna Birna Kristjánsdóttir borgarstjóri setti fram við niðurskurð; að verja störf fastráðinna borgarstarfsmanna og skerða ekki grunnþjónustu. „Þrátt fyrir að draga úr þessum þrjátíu stöðugildum getur hún staðið vörð um fastráðna starfsmenn með því að fella út yfirvinnu.“



**VIÐ KENNSLU** Fátt verður um störf í haust fyrir nýútskrifaða kennara. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Um sextíu fastráðnir kennarar snúa aftur til vinnu í haust eftir leyfi og því ekki líkur á að sextíu leiðbeinendur sem eru nú við störf verði endurráðnir fyrir komandi skólaár. Auk þeirra ríkir óvissa um fjölda lausráðinna kennara, sem réðu sig tímabundið síðastliðið haust en verða ekki endurráðnir.

Þorgerður segir að þetta sé hópur kennara sem nýkominn sé úr kennaranámi og mikill fengur sé að. Ef þeir fái ekki starf sem kennarar geti það verið áhyggjuefni. Að sama skapi geti það verið áhyggjuefni hvort nýútskrifaðir kennarar fái vinnu í haust. „Það verður að minnsta kosti lítið um störf í Reykjavík,“ segir Þorgerður. **- ss**

Gríðarlegur kostnaðarauki:

## Hækka á heita vatnið í Árborg um 15 prósent

**ORKUMÁL** Framkvæmda- og veitustjórn Selfossveitna leggur til við bæjarráð Árborgar að að gjaldskrá fyrir heitt vatn hækki um fimmtán prósent um næstu mánaðamót.

Í greinargerð veitustjórnar segir að öll aðföng hafi hækkað gríðarlega í verði á síðustu tólf mánuðum og að gjaldskrá Selfossveitu fyrir heitt vatn sé nú lægri en hjá öðrum hitaveitum á suðvesturhorninu og heilum átján prósentum undir næstlægsta verðinu. „Til þess að rekstur hitaveitunnar geti staðið undir eðlilegri endurnýjun og viðhaldi dreifikerfis og annarra mannvirkja er því nauðsynlegt að hækka gjaldskrá.“ **- gar**





*Háskólinn á Akureyri er með viðurkenningu menntamálaráðuneytis á öllum fræðasviðum sínum, þ.e. auðlindavísindum, félagsvísindum og heilbrigðisvísindum. Viðurkenningarnar eru byggðar á mati alþjóðlegra sérfræðinefnda sem fóru yfir starfsemi háskólans og skiluðu ítarlegum skýrslum um hana og mæltu skilyrðislaust með viðurkenningu fræðasviðanna. Störf kennara og nemenda fengu mjög góða dóma og sömuleiðis hvernig háskólinn nær að skapa persónulegt andrúmsloft fyrir nemendur og starfsfólk. Jafnframt var vakin sérstök athygli á þeim góða árangri sem háskólinn hefur náð í að byggja upp fjarnám.*

VIÐ ERUM STOLT AF HÁSKÓLANUM OKKAR

*UMSÓKNARFRESTUR ER TIL 5. JÚNÍ*

*Kynntu þér námið á www.haskolanam.is og komdu í hópinn.*


Sýndu þig
í sumar
SUMARKORT
SPORTHÚSSINS
Verð 9.900 kr.
Kortið gildir til 20. ágúst ´09
www.sporthusid.is · sporthusid@sporthusid.is · sími: 564-4050

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**Fjöldi viðskipta:** 24 **Velta:** 87 milljónir

| | |
|---|---|
| **OMX ÍSLAND 15** | **OMX ÍSLAND 6** |
| 218 **-1,32%** | 648 **-0,05%** |

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **CENTURY ALUMIN.** | 64,98% | **EIK BANKI** | 11,67% |
| **BAKKAVÖR** | 11,5% | **HAMPIÐJAN** | 11,67% |
| **ÖSSUR** | 1,93% | **ICELAND. GROUP** | 9,09% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Alfesca 3,30 +0,00% ... Atlantic Airways 173,00 +0,00% ... Atlantic Petroleum 251,00 +0,00% ... Bakkavör 1,26 +11,50% ... Eik Banki 79,50 -11,67 ... Eimskipafélagið 1,00 +0,00% ... Føroya Banki 118,00 +0,00% ... Icelandair Group 4,50 -9,09% ... Marel Food Systems 49,60 -0,80% ... Össur 95,00 +1,93%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Fjórtán félög birta ekki uppgjör

Fjármálaeftirlitið (FME) hefur veitt Straumi-Burðarási frest til loka mánaðarins til að skila ársreikningi fyrir síðasta ár.

Þá tilkynntu Opin Kerfi Group hf sömuleiðis í gær að félagið myndi ekki birta uppgjör sitt fyrir síðasta ár.

Þar með hafa fjórtán félög með skráð skuldabréf í Kauphöllinni ýmist frestað birtingu uppgjöra sinna eða hætt við birtingu þeirra. Straumur vísar til endurskipulagningar fjárfestingarbankans en hin félögin vísa í undanþáguheimild í lögum um verðbréfaviðskipti sem kveður á um að félög sem eingöngu hafa skráð skuldabréf sé heimilt að birta ekki uppgjör í kauphöll að því gefnu að lágmarksfjárhæð hvers skuldabréfs sé að minnsta kosti fimmtíu þúsund evrur að nafnvirði á útgáfudegi bréfanna.



**Í KAUPHÖLLINNI** Æ fleiri fyrirtæki fresta birtingu ársuppgjöra. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Félögin eru auk Opinna Kerfa Group hf og Straums, 365, Askar Capital, Atorka, Egla, Exista, Kögun, Landic Property, Landsafl, Milestone, Moderna Finance, Stoðir (áður FL Group) og Teymi.

**- óká, jab**

# ESB segir efnahagshorfurnar slæmar

**Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (ESB) segir efnahagskreppuna í álfunni þá verstu frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Betri tíðar er ekki vænst fyrr en á seinni hluta næsta árs. Aðrar eins atvinnuleysistölur hafa ekki sést síðan fyrir stríð.**



**JOAQUIN ALMUNÍA** Spá framkvæmdastjórnar ESB um efnahagshorfur fram á næsta ár er talsvert dekkri en sú sem gefin var út í byrjun árs. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Hagkerfi aðildarríkja Evrópusambandsins mun dragast saman um fjögur prósent að meðaltali á þessu ári og um 0,1 prósent í því næsta. Ekki er útlit fyrir efnahagsbata fyrr en á seinni hluta næsta árs. Þetta kemur fram í hagspá framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, ESB, sem birt var í gær.

Spáin er talsvert svartari en sú sem birt var í byrjun árs en þá var búist við 1,8 prósenta efnahagssamdrætti innan ESB og 0,5 prósenta hagvexti á næsta ári. Þetta er engu að síður litlu betra en Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn, AGS, sá í spilunum. Munurinn nemur 0,2 prósentustigum.

Til samanburðar sagðist Mark Flanagan, fulltrúi AGS, reikna með 10,5 prósenta samdrætti hér á árinu fyrir einum og hálfum mánuði.

Joaquin Almunia sem fer með efnahagsmál í framkvæmdastjórninni, sagði á kynningarfundi í gær efnahagskreppuna þá verstu sem gengið hafi yfir aðildarríki ESB frá lokum seinni heimsstyrjaldar. Viðsnúningurinn hvíli að mestu á bata fjármálageirans, ekki síst hvernig takist til við að losa banka og fjármálafyrirtæki við lélegar eignir sem hafi komið þeim á hnén.

Framkvæmdastjórninni reiknast til að atvinnuleysi eigi eftir að aukast mikið í kjölfar þrenginganna og ná hámarki í 11,5 prósentum um mitt næsta ár. Gangi spá framkvæmdastjórnarinnar eftir um 9,9 prósenta atvinnuleysi á þessu ári jafngildir það því að 8,5 milljónir manna verði án atvinnu. Það jafngildir öllum nýjum störfum sem hafa orðið til síðastliðin tvö ár. Hér spáir AGS átta til tíu prósenta atvinnuleysi í versta falli.

Staðan er verst í Þýskalandi en reiknað er með að hagkerfi landsins dragist saman um 5,5 prósent á þessu ári. Ástandið er litlu betra í Bretlandi og á Ítalíu. Fast á hæla þeirra fylgja Spánn og Frakkland sem búist er við að muni horfa fram á þriggja prósenta efnahagssamdrátt.

Einungis í einu af Evrópusambandsríkjunum 27 er gert ráð fyrir hagvexti á árinu, en það er á Kýpur. Löndin sem verða fyrir hvað mestri sveiflu til hins verra í hagvexti eru þau sem voru á leið í leiðréttingu eftir bólu á húsnæðismarkaði. Búist er við prósentutölum upp á annan tuginn í samdrætti frá löndum á borð við Eistland, Lettland og Litháen.

jonab@markadurinn.is





**SELFOSS** Séð yfir Selfoss og Ölfusá í Árborg. Samkvæmt upplýsingum Fasteignaskrár var engum kaupsamningum þinglýst á svæðinu í síðustu viku. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Aldrei hærri samningar á höfuðborgarsvæðinu

Meðalupphæð kaupsamninga fasteigna á höfuðborgarsvæðinu hefur aldrei verið hærri en í síðustu viku samkvæmt mælingum Fasteignaskrár Íslands. Upphæðin nemur 51,3 milljónum króna, en var 28,3 milljónir vikuna áður. Tímaraðir á vef stofnunarinnar ná aftur til ársbyrjunar 2001.

Í tilkynningu Fasteignaskrár er þó vakin athygli á að meðalupphæð kaupsamnings megi ekki túlka sem meðalverð eigna og þar með sem vísbendingu um verðþróun. „Þetta er vegna þess að hver kaupsamningur getur verið um fleiri en eina eign auk þess sem eignir eru misstórar, misgamlar og svo framvegis,“ segir á vef Fasteignaskrár. Þá hefur verið bent á að fjölgun makaskiptasamninga geti haft áhrif á verðmyndun á markaði.

Tuttugu og átta samningum var þinglýst á höfuðborgarsvæðinu í síðustu viku, en þar af voru 22 samningar um eignir í fjölbýli og sex um sérbýli. Heildarveltan nam rúmlega 1,4 milljörðum króna.

Á sama tíma var fimm kaupsamningum þinglýst á Suðurnesjum, en þar eru undir Reykjanesbær, Grindavík, Sandgerði, Garður og Vogar. „Heildarveltan var 128 milljónir króna og meðalupphæð á samning 25,6 milljónir króna.“

Níu kaupsamningum var þinglýst á Akureyri, en þar var heildarvelta 183 milljónir og meðalupphæð á samning 20,3 milljónir.

Á Árborgarsvæðinu var hins vegar engum samningi þinglýst í síðustu viku, en þar nær mælingin til Árborgar, Hveragerðis og Ölfuss. **- óká**

**VELTA FASTEIGNA**

**24. til 30. apríl 2009***

| *Svæði* | *Fjöldi samninga* |
|---|---|
| **Höfuðborgarsvæðið** | **28** |
| Reykjavík | 12 |
| Seltjarnarnes | 0 |
| Mosfellsbær | 2 |
| Kópavogur | 6 |
| Hafnarfjörður | 3 |
| Garðabær | 3 |
| Álftanes | 2 |
| Velta 1.436 milljónir króna | |
| **Suðurnes** | **5** |
| Velta 128 milljónir króna | |
| **Akureyri** | **9** |
| Velta 183 milljónir króna | |
| **Árborgarsvæðið** | **0** |
| Velta 0 milljónir króna | |

*HEIMILD: FASTEIGNASKRÁ ÍSLANDS






# skoðun

greinar@frettabladid.is

Hvers vegna þarf nýjan stjórnarsáttmála?

## Óþörf óvissa

**ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR**

Ríkisstjórnin var mynduð fyrir rúmum þremur mánuðum með skýru þingræðislegu umboði. Nú hefur hún fengið umboð fólksins í kosningum með sögulegum sigri VG og góðri kosningu Samfylkingarinnar. Hvers vegna þurfa ríkisstjórnarflokkarnir að eyða tíma nú í samninga um stjórnarmyndun?

Nýjar aðstæður eða löng stjórnarseta geta kallað á endurnýjun á málefnalegum forsendum ríkisstjórnarsamstarfs. Engin ný ókunn mál hafa komið upp á starfstíma þessarar stjórnar. Ástæðurnar fyrir þeirri pólitísku óvissu sem ríkisstjórnarflokkarnir hafa búið til eftir kosningarnar liggja þar af leiðandi ekki í augum uppi.

Ríkisstjórnin á að geta tekið ákvarðanir eftir því sem þær ber að nema eitthvað sé að í samstarfinu. Ríkisfjármálin eru erfiðasta viðfangsefnið. Að réttu lagi átti ríkisstjórnin að upplýsa kjósendur um áform sín í þeim efnum fyrir kosningar. Það hefði verið lýðræðislegt. Fyrst það var ekki gert er ríkisstjórnin ekki í annarri tímapressu með það mál en að kynna niðurstöður eftir því sem þingmál þar að lútandi eru tilbúin af hennar hálfu.

Efnislega veldur það hins vegar áhyggjum að forsætisráðherra hefur upplýst að ríkisstjórnin er nú aðeins að vinna að lausn á innan við þriðjungi fjárlagavandans. Þau skilaboð eru ekki til bjartsýni fallin. Þegar ríkisstjórnin sýnir lausnir á þessu sviði þurfa þær að vera sannfærandi og taka til heildarvandans þó að þær komi hugsanlega ekki allar til framkvæmda í einu.

Evrópumálin eru annað lykilmál. Forystuflokkur ríkisstjórnarinnar sagði réttilega í kosningaumræðunum að aðildarumsókn yrði að senda ekki seinna en í júní. Kosningarnar leiddu til þeirra einu breytinga að því er stjórnarsamstarfið varðar að VG hefur ekki lengur pólitíska stöðu til að tefja framgang málsins. Þessi staða kallar á skjóta ákvörðun en ekki nýjan stjórnarsáttmála.

Í þessu ljósi er einsýnt að ríkisstjórnin verður að leggja fyrir vorþingið tillögu til þingsályktunar um aðildarumsókn. Upphaf þessa ferils er auðvelt. Leiði aðildarviðræður til ásættanlegrar niðurstöðu standa menn á hinn bóginn frammi fyrir stjórnskipulegum vanda við að ljúka þeim.

Almennt er talið að unnt sé að hefja viðræður um aðild þótt hún stangist á við stjórnarskrá. Frumvarp um aðildarsamning er þar á móti ekki unnt að leggja fyrir Alþingi fyrr en stjórnarskráin leyfir. Sú staða kallar á stjórnarskrárbreytingu með samþykki tveggja þinga og nýjum kosningum til Alþingis á milli. Alþingiskosningar á næsta ári eru því óhjákvæmilegar ef samningar takast.

Í þessu ljósi þarf forsætisráðherra að skýra yfirlýsingu sína um að ríkisstjórnin ætli að sitja út kjörtímabilið. Venjulega þýðir það tungutak fjögur ár. Forsætisráðherra hlýtur að hafa átt við eins árs kjörtímabil því ella eru Evrópumálin í hreinu uppnámi. Heilt kjörtímabil og viðunandi lausn á Evrópumálunum eru einfaldlega ósamrýmanlegir kostir.

Án ályktunar á vorþinginu um aðildarumsókn sem báðir ríkisstjórnarflokkarnir standa að og styðja yrði ríkisstjórnin án framtíðarstefnu í peningamálum. Slík skilaboð gætu hvorki heimilin né atvinnufyrirtækin þolað. Óskynsamlegt er því, að þarflausu að því er virðist, að auka á óvissu um þessa hluti.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf.
**RITSTJÓRAR:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* og Þorsteinn Pálsson *thorsteinn@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*. Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni.
Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Leiðtoginn mikli

Gísli Marteinn Baldursson ritar á bloggsíðu sinni gríðarlega mærðarrullu um, ekki verður það skilið öðruvísi, leiðtoga sinn í stjórnmálum. Það er reyndar ekki Davíð Oddsson, heldur járnfrúin sjálf; Margaret Thatcher. Gísli eys lofi á kellu og verður ekki annað á honum skilið en hún hafi verið óaðfinnanlegur og óumdeildur stjórnmálamaður.

Það er reyndar lýsing sem fáir kannast við, enda varla til umdeildari stjórnmálamaður. Um arfleifð hennar er deilt en óumdeilt er að stór hluti þjóðarinnar sat eftir í samfélagi hinna ríku sem Thatcher kom á.

Það leiðir hugann að ástandinu hér á landi og kannski er Gísli að leggja til að lausnir Thatcher komi okkur úr kreppunni. Óheftur kapítalismi og samfélagið sitji á hakanum? Það er þó gott að menn tala skýrt.



### Kemst þó hægt fari

Fátt er betra dæmi um leti og hyskni blaðamanna en þegar þeir leita á Facebook-síður til að finna efni til að skrifa um. Að því sögðu skal sagt hér frá einni slíkri síðu.

Lögfræðingurinn Sveinn Andri Sveinsson nýtti sér nefnilega tæknina í gær til að hafa áhrif á stefnu Sjálfstæðisflokksins og stofnaði grúppuna Hægrimenn sem vilja sækja um aðild að ESB. Óljóst er hve fljótlega áhrifa hópsins fer að gæta, en alls voru þeir kumpánar orðnir ellefu talsins í gær. En kemst þó hægt fari.

### Hún er bara svo skrambi góð

Allir eiga sér uppáhaldsbækur sem þeir grípa reglulega í, hvort sem er til að njóta í heild eða að hluta. Það á hins vegar ekki oft við um símaskrána, þó vissulega fletti margir oft í henni.

Nýverið útskýrði Sighvatur Björgvinsson að misskilningur hans um Neytendastofu hefði stafað af því að hann notaðist við símaskrá frá árinu 2006.

Það að hafa ekki sótt nýja gæti verið dæmi um nýtni Sighvats, en kannski finnst honum skráin 2006 bara svo skrambi góð.



**kolbeinn@frettabladid.is**

## Útrás og einangrun



**SVERRIR JAKOBSSON**
**Í DAG** | Ísland og Norðurlönd

Það er ekki undarlegt að minnimáttarkennd sæki iðulega að smáþjóð eins og Íslendingum. Hitt er merkilegra að birtingarmynd hennar virðist iðulega vera belgingur og yfirgengilegt mont. Það lýsir sér í því að þeir sem vilja upphefja land og þjóð telja okkur hátt yfir aðrar þjóðir hafnar, nema þá einna helst stórþjóðir. Ekki þarf að leita langt eftir dæmum. Fyrir fáeinum misserum ályktaði t.d. Viðskiptaráð að Íslendingar mættu ekki bera sig saman við Norðurlöndin vegna þess að við stæðum þeim „framar á flestum sviðum“. Tímabundinn skyndigróði var enda talinn til marks um séríslenskt hugvit sem aðrar þjóðir deildu ekki með okkur. Þetta átu svo ráðamenn þjóðarinnar hver upp á fætur öðrum. Þannig varð til hugtakið „útrás“ sem staðfesti draumsýn Íslendinga. Núna ættu aðrar þjóðir að læra bissness af okkur en við þyrftum svo sannarlega ekkert að læra af þeim. Á bak við orðræðuhefð útrásarinnar var þó áratugagömul hugmyndaleg ræktun íslensku minnimáttarkenndarinnar sem birtist til skiptis í vesældómi og vantrú á eigin getu á milli þess sem hún brýst út í monti og ofmati á eigin hæfileikum.

Hvergi sést íslenska minnimáttarkenndin betur en þegar kemur að „Svíagrýlunni“ og annarri rembu gagnvart grannþjóðum okkar. Það hefur verið landlægt í vissum hópum á Íslandi að fitja upp á nefið þegar talið berst að grannþjóðum okkar og hinum vel reknu samfélögum þeirra. Hin veruleikafirrta ályktun Viðskiptaráðs er sprottin úr jarðvegi slíks hugsunarháttar. Í þessu felst þversögn sem þó lýtur eigin lögmálum. Orðræða um útrás felur nefnilega ekki í sér neina opnun eða vilja til að víkka sjóndeildarhringinn. Þvert á móti er kjarni hennar sá að Íslendingar eigi að mæta til leiks á vettvangi þjóðanna með eigið ágæti í farteskinu sem aðrir þiggja af okkur en við þurfum ekki neitt frá öðrum þar sem við stöndum þeim langtum framar. Þess konar viðskipti þjóða ganga ekki upp en sú staðreynd virðist seint renna upp fyrir Íslendingum.

Afleiðing hrokans er sú að Ísland hefur að mörgu leyti einangrast menningarlega á meðan aðrar norrænar þjóðir hafa ræktað samstarf sitt. Um þetta eru fjölmörg dæmi. Skandinavískar kvikmyndir koma sjaldan til sýninga á Íslandi og erfitt er að grafa upp bækur á norrænum málum í bókabúðum. Menningarleg tengsl við frændþjóðirnar hafa látið undan síga en á sama tíma er ekkert lát á þeim fjölda Íslendinga sem sækir bæði menntun og vinnu til grannlandanna. Allt eru þetta veikleikamerki á íslenskri menningu sem alltof oft eru mistúlkuð og talin sem styrkur. Ef við þekkjum ekki norræn samfélög og norræna menningu þá sé það vegna þess að við stöndum framar öðrum Norðurlandaþjóðum. En vanþekking er aldrei styrkur og hún hefur reynst okkur Íslendingum hættuleg.

Þegar íslenskir athafnamenn voru að reisa viðskiptatengdar spilaborgir á Norðurlöndum mættu þeir kröftugu aðhaldi norrænna viðskiptablaðamanna sem sinna starfi sínu af faglegum metnaði og ákveðni. Meðal þeirra fengu íslenskir viðskiptajöfrar það orð á sig að vera „stelpustrákar“ (tøsedrenge) sem kveinkuðu sér undan gagnrýninni umræðu. Þessar móttökur voru öðruvísi en heima á Íslandi þar sem efasemdalaus tilbeiðsla var meginreglan. Spunanum um öfundsjúka Dani var trúað þótt fyrir honum væru lítil rök. Og íslenskir fjölmiðlamenn töldu sig auðvitað ekkert þurfa að læra af norrænum starfssystkinum. Það er áleitin spurning hvort íslenskt viðskiptalíf hefði ekki grætt meira á örlítið meiri gagnkvæmni í samskiptum okkur við Norðurlönd – örlítið meiri viðleitni til að læra af þekkingu og reynslu grannþjóða okkar. En auðvitað hjálpaði ekki til þegar áhrifamiklir aðilar í íslensku samfélagi – með Viðskiptaráð í broddi fylkingar – vildu halda því á lofti að Ísland stæði öðrum Norðurlöndum framar.

Töluverð pólitísk umskipti hafa orðið á Íslandi að undanförnu. Kannski felast þau mestu í því að núna loksins eru ráðandi öfl í landinu ekki lengur þeirrar skoðunar að við séum of „kúl“ fyrir Norðurlöndin. Hin stórkarlalega remba gagnvart norrænum samfélögum og menningu hefur nefnilega aldrei verið annað en gríma yfir minnimáttarkennd og útboruhátt. Það er fyrir löngu orðið tímabært að söðla um og horfast í augu við það að við getum margt lært af frændþjóðum okkar.

## Margt smátt gerir eitt stórt

**UMRÆÐAN**
Ólafur Þór Gunnarsson skrifar um atvinnumál



**ÓLAFUR ÞÓR GUNNARSSON**

Eitt af því sem gerðist í „góðærinu“ var að Íslendingar hættu að framleiða innrennslisvökva. Slíkir vökvar eru notaðir þegar gefa þarf sjúklingum vökva í æð, blanda vökvum í lyf, nota sótthreinsaða vökva o.fl. Fyrir vikið flytjum við nú inn hundruð tonna á ári af vatni. Áður var þessum málum þannig háttað að nær allir innrennslisvökvar voru framleiddir af Lyfjaverslun Ríkisins og síðar Lyfjaverslun Íslands. Þáverandi stjórnvöld mátu það hins vegar svo að ekki væri ástæða til að halda uppi þessari starfsemi í landinu. Innlend vökvaframleiðsla lagðist því af. Síðar kom svo auðvitað í ljós að ekkert sparaðist með útboðum, og þegar kemur að því að meta heildaráhrif þá stöndum við verr nú hvað þessi mál varðar, bæði í öryggislegu og efnahagslegu tilliti. Öryggissjónarmið voru látin víkja og nú er það svo að ef við gætum ekki einhverra hluta vegna flutt inn vökva erlendis frá, þá væru aðeins til birgðir í landinu til stutts tíma og engin framleiðslugeta hér heima.

Auðvitað eigum við strax að gera bragarbót á þessu. Sú þekking sem var til í landinu til að framleiða vökvana er líklega enn til og mögulega eitthvað af búnaði. Við getum skapað einhverja tugi starfa við þessa framleiðslu hér heima sem rímar við stefnu VG í atvinnumálum – að velta upp öllum möguleikum í atvinnusköpun því margt smátt gerir eitt stórt. Auk þess eflum við með þessu öryggi þjóðarinnar og gerum betur í umhverfismálum en að flytja inn vatn að utan. Sjálfsagt væri einhver stofnkostnaður við að koma framleiðslunni aftur í gang, en langtíma ávinningur réttlætir slíkan kostnað. Vafalítið væri hægt að framleiða vökvana á einhverri af þeim heilbrigðisstofnunum sem eru í landinu, og mætti t.d. líta til einhvers Kragasjúkrahúsanna í því sambandi. Á sama tíma og við tölum um að vera sjálfum okkur nóg um matvæli og fleiri vörur er fáránlegt að við skulum flytja inn vatn. Vindum ofan af þessari vitleysu.

*Höfundur er öldrunarlæknir og skipaði 3. sæti á framboðslista VG í Suðvesturkjördæmi í nýafstöðnum kosningum.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is* **MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Emilía Örlygsdóttir *emilia@frettabladid.is* og Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



**ÁRLEGAR MORGUNGÖNGUR** Ferðafélags Íslands eru hafnar. Að vanda safnast þátttakendur saman í Mörkinni við húsakynni félagsins klukkan sex stundvíslega á hverjum morgni og keyra að upphafsstað göngu. Sjá www.fi.is.




Sölufulltrúar Jóna María Hafsteinsdóttir jmh@365.is 512 5473 Hugi Garðarsson hugi@365.is 512 5447









Fríða Rún æfir stíft en tekur hvíldardag á um það bil tíu daga fresti. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Fær hugmyndir á hlaupum

**Fríða Rún Þórðardóttir komst snemma að raun um að hlaupaíþróttir ættu vel við hana og fór hún ung að keppa í frjálsum íþróttum. Hún er enn að keppa í hlaupum og tekur þátt í hinum ýmsu mótum.**

Frjálsíþróttaferill Fríðu Rúnar Þórðardóttur, næringarráðgjafa og varaformanns Frjálsíþróttadeildar ÍR, hófst 17. júní árið 1981 þegar hún var ellefu ára, en þá varð hún í öðru sæti í 17. júní víðavangshlaupi Aftureldingar. „Í kjölfarið sendi mamma mig á frjálsíþróttaæfingar með krökkunum í götunni minni því henni fannst ég hafa eitthvað svo lítið að gera. Síðan þá hefur mér ekki leiðst eina mínútu,“ segir Fríða Rún.

Hún byrjaði að æfa allar greinar frjálsra íþrótta en fann fljótt að hún átti best heima í hlaupagreinunum. Hún fór fljótlega að keppa í millivegalengdum eða í 800 og 1.500 metra hlaupum en á háskólaárunum í Bandaríkjunum bættust 3.000, 5.000 og víðavangshlaupin við. „Nú keppi ég mest í lengri hlaupum eða í 3.000, 5.000 og 10.000 metrum og þá bæði fyrir ÍR og landslið Íslands, sem ég hef tilheyrt síðan 1989. Þá er ég aðeins farin að keppa á öldungamótum, bæði hér heima og á Evrópu- og heimsmeistaramótum. Það hefur virkað mjög hvetjandi bæði fyrir mig og aðra en ég hef upplifað ótrúlegan stuðning og viðbrögð frá fólki á mínum aldri, meira að segja frá fólki sem ég þekki ekki neitt. Þetta fólk segir árangur minn gefa því von um að það geti líka náð árangri og það þykir mér verulega vænt um enda vil ég láta gott af mér leiða.“

Fríða Rún segir nokkrar ástæður fyrir því að hún sé enn að. „Það er góð heilsubót að stunda hlaup og svo finnst mér ég gífurlega frjáls. Eins fæ ég allar mínar bestu hugmyndir á hlaupum. Þá þykir sannað að þeir sem hreyfa sig reglulega eiga auðveldara með að draga úr streitu og að taka á því mótlæti sem lífið býður upp á.“

Fríða Rún æfir að vonum stíft en þjálfunin felst mest í hlaupaæfingum þar sem annars vegar er lögð áhersla á grunnúthald (loftháð) með löngum frekar hægum hlaupum og hins vegar á svokallaðar interval-æfingar þar sem unnið er með hraðaúthaldið (loftfirrt). Við þetta bætast styrktaræfingar á stofugólfinu heima og í World Class. Auk þess leggur Fríða Rún mikla áherslu á fjölbreytt og hollt mataræði og þar eru hæg heimatökin enda Fríða næringarfræðingur að mennt. „Það skiptir miklu máli að borða hollt og að borða nóg til að hafa úthald í æfingar og keppni. Góður árangur í íþróttum og allri heilsurækt felst að einum þriðja hluta til í mataræðinu, einum þriðja í æfingunum og einum þriðja í réttu hugarfari.“

*vera@frettabladid.is*
















**JAKABÓL** er nýr klúbbur í Þverholti 19 ætlaður boxurum, aflrauna- og kraftlyftingamönnum. Allar upplýsingar um starfsemina veitir Magnús Ver í síma 663-0001.






teg.21369 - frábærlega mjúkir og flottir herraskór úr leðri í stærðum 41-46 á AÐEINS kr. 6.585,-



teg.34364 - mjög fallegir herraskór með innleggjum í stærðum 41-46 á AÐEINS kr. 6.785.-

**Misty skór**
*Góð þjónusta - fagleg ráðgjöf*
Laugavegi 178 • Sími: 551 2070
Opið: mán - fös: 10 -18, lau 10 -14
www.misty.is

**Takk!**
907 2002
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is




Jóna Hildur mælir með að fólk prófi að hjóla í vinnuna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# Ódýrt og hollt

**Hvatningarátakið Hjólað í vinnuna hefst á morgun.**

„Markmiðið með þessu hvatningarátaki ÍSÍ er að vekja athygli á hjólreiðum sem heilsusamlegum, umhverfisvænum og hagkvæmum samgöngumáta," segir Jóna Hildur Bjarnadóttir, sviðsstjóri ÍSÍ, sem stendur fyrir átakinu Hjólað í vinnuna sem hefst á morgun. Er þetta í sjöunda sinn sem átakið fer fram.

Að sögn Jónu hefur þátttaka aukist um 1.225 prósent frá árinu 2003. „Mikil vakning hefur orðið meðal fólks. Það er orðið óhræddara við það að prófa þennan ferðamáta og uppgötvar að hann er ekki eins mikið mál og það hélt."

Borgarstjóri og ráðherrar umhverfis-, samgöngu-, mennta- og heilbrigðismála fylgja átakinu úr hlaði í Húsdýragarðinum á morgun klukkan 8.30. Þetta árið stendur átakið yfir í þrjár vikur frá 6. maí til 26. maí, en upphaflega stóð það yfir í viku. *- vg*

# Tólf spor gegn átröskun

**Í meðferðarmiðstöðinni Prisma hafa fimm konur, með margvíslega þekkingu, tekið höndum saman til að berjast gegn átröskun. Meðferðin er misjöfn og einstaklingsmiðuð, allt eftir þörfum hvers og eins.**

Flestir kannast við tólf spora kerfið sem aðferð til að losna við áfengisfíkn. En það má líka nota í baráttunni við átröskun, eins og gert er í meðferðarmiðstöðinni Prisma. „Það má líta á átröskun sem fíkn," segir Sólveig Katrín Jónsdóttir listmeðferðarfræðingur. „Fólk getur ekki stjórnað matarhegðun sinni. Það verður líkt og fíkn að svelta sig eða borða óhóflega til að takast á við tilveruna. Að nota tólf spora kerfið virkar vel í þessum tilfellum, því það hjálpar fólki við að sleppa tökunum, leggja traust sitt á eigin mátt og aðra, og komast þannig út úr vítahring átraskana."

Áður hefur verið unnið með tólf spora kerfið hér á landi til að vinna bug á átröskun. En það sem aðgreinir sporavinnu Prisma frá öðrum er að engar fæðutegundir eru á bannlista og vigtun og mæling er ekki forsenda til bata.

En það er ekki bara unnið með tólf spora kerfið í Prisma. Meðferðin fer eftir þörfum hvers og eins. Þar kemur þverfagleg þekking hópsins sem að Prismu stendur að góðum notum. „Þetta er mjög einstaklingsmiðuð meðferð. Það eru margar leiðir til að hjálpa fólki að ná sér af átröskun. Við erum með einstaklings-, hóp- og fjölskyldumeðferðir og bæði félags- og heilsuráðgjöf. Einnig er listmeðferð öflug leið til að vinna með tilfinningar og sjálfsmynd."



Margrét Gísladóttir, Þórdís Filipsdótir, Sólveig Katrín Jónsdóttir, Ólöf Berglind Halldórsdóttir og Anna Ragna Magnúsardóttir standa að Prisma. MYND/ÞÖK

Sólveig og Margrét Gísladóttir, geðhjúkrunar- og fjölskyldufræðingur, stofnuðu Prisma upphaflega árið 2004, ásamt fleirum. Á þessu ári bættust svo þrjár konur í hópinn, þær Anna Ragna Magnúsardóttir heilsuráðgjafi, Ólöf Berglind Halldórsdóttir félagsráðgjafi og Þórdís Filipsdóttir CDC ráðgjafi.

Mikil vanlíðan fylgir átröskun og margir ganga með hana árum saman án þess að fá á henni lausn. „Þetta er erfiður sjúkdómur sem getur verið vandasamt að komast út úr. Honum fylgja margar neikvæðar upplifanir og sjálfsmyndin verður léleg. Fólk verður vonlaust og hjálparvana."

Að takast á við átröskun veldur miklu tilfinningaróti. Fólk fyllist ótta við að fitna og borða, enda líkamsmynd og sjálfsmynd þeirra brengluð og hugurinn fullur af neikvæðum hugsunum sem erfitt er að stjórna. Sólveig Katrín segir mikla þörf á margvíslegum úrræðum fyrir fólk sem þjáist af átröskun. „Þetta er alvarlegt vandamál sem fer ekkert minnkandi. Það er nauðsynlegt að það séu í boði ólíkar leiðir."

Á heimasíðunni www.prismasetur.is má nálgast allar frekari upplýsingar um þau úrræði sem Prisma hefur upp á að bjóða.

*holmfridur@frettabladid.is*


**Næstu fyrirlestrar og námskeið**

Heilsuvörumarkaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is

**05. maí Hvað er heilun?**
*Kristján Viðar Haraldsson ráðgjafi*

**07. maí Hvað er málið með aukakílóin?**
*Matti Ósvald heilsufræðingur*

**12. maí Góð heilsa er auðveldari en þú heldur**
*Matti Ósvald heilsufræðingur*

**23. maí Hláturjóga með jákvæðu styrkjandi ívafi**
*Ásta Valdimarsdóttir hláturjógakennari*



ULTRATONE
Faxafeni 12
sími 588-1166

**Vorið er komið!**
Nú er tíminn til að koma sér í gott form.

Slappaðu af í þægilegu umhverfi og láttu Ultratone tækin sjá um að móta líkamann og bæta líðan þína.

- **Líkamsmeðferð**
- **Hljóðbylgjumeðferð**
- **Andlitsmeðferð**
- **Nudd**

**Kynntu þér nýju tilboðskortin okkar í síma 588 1166 eða á www.ultra.is**

STYRKIR - GRENNIR - BÆTIR HEILSU

**Hvað á ég að gefa barninu mínu að borða?**

**Námskeið með Ebbu Guðnýju í Yggdrasil**

Ebba fræðir okkur um það hvernig hægt er að útbúa einfaldan og næringarríkan mat fyrir börn frá 6 mánaða aldri.
Námskeiðið nýtist líka þeim sem eru með eldri börn.

**Upplýsingar og skráning eru í síma 694-6386 eða á netfanginu: ebbagudny@internet.is. Verð 3.500 kr**



Miðvikudaginn 27. maí
kl. 20:00-22:00
Námskeið í verslun Yggdrasils, Skólavörðustíg 16

**Farið verður yfir hvernig á að meðhöndla og búa til rétti sem innihalda :**
Ávexti og grænmeti
Heilt korn eins og quinoa, hirsi, hafra, spelt o.fl.
Baunir, kaldpressaðar olíur, möndlumauk, tahini, möndlur og fræ.

Veglegt uppskriftar- og fróðleikshefti fylgir með námskeiðinu.

Yggdrasill

**Námskeið hefjast 5. maí**
**Taktu ábyrgð á lífi þínu, skapaðu þína framtíð.**

- 8 vikna byrjendanámskeið
- Ástundunartímar fyrir vana
- Námskeið fyrir eldri borgara
- Lyftingarnámskeið fyrir bæði byrjendur og vana.

Lyftingarnámskeiðin byggjast á Rope Yoga, lyftingum, stöðum, flæðiæfingum, teygjum, öndunaræfingum og hámarksnýtingu næringar, ásetningur næringar og matarprógrammi. Mjög öflugt námskeið, færri í hóp og 2 kennarar. 6 vikna námskeið.
Nánari upplýsingar á heimasíðunni www.elin.is



Elín Sigurðardóttir
Rope Yoga Meistarakennari
Íþróttafræðingur



**Rope Yoga elin.is Bæjarhrauni 2 Hfj. sími: 696-4419**

**Auglýsingasími**
512 5050
– Mest lesið

Óska eftir sumarbústað við Kaldármel/Kolbeinsstaði/Mýrar 1-5 júli helst með heitum pott 6953690 hufi78@gmx.net

## Atvinnuhúsnæði

### Fyrir innlendan iðnað
1.706 m2 framleiðsluhús á Eyrarbakka. Raf.inntak 1.200 amp Starfsm.aðstaða. Útisvæði og fl. Hagstæð leiga. S. 661-6800

### Bolholt 4 til leigu !
170fm. verslunarhúsnæði á götuhæð í góðu ástandi. Laust strax. Einnig 50-140fm skrifstofuhúsnæði í sama húsi (2 hæð). Uppl í s. 893 8166.

Til leigu 150 fm iðnaðarhúsnæði að Kársnesbraut.Gott úti pláss,skrifsofu aðstaða.Verð 150þús.uppl.660 5600.

## Geymsluhúsnæði




### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 2074.

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán.Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

## Bílskúr

### Bílskúr
Til leigu bjartur og skemmtil. bílskúr á svæði 105. Er laus. Uppl. í s. 691 5910

## Gisting

### www.leiguherbergi.is
Herbergi til leigu í Reykjavík og Hafnarfirði, frá 1500.- kr á dag. www.leiguherbergi.is s. 824 4535

### Gista.is / S. 694 4314
2ja-3jaherbergja íbúðir á Akureyri. Uppábúin rúm, Internet, ADSL TV.

## Atvinna í boði

VÁ! 844 dollarar á 10 klst! Skoðaðu málið á http://www.IncomePumper.com/islenska

**Okkur vantar starfsfólk.**

**60-70% starf í verslun.**
**Vinnutími 12-19 eða 13-18 virka daga, 12-18 annan hvern laugard. eða sunnud. Starfið felur í sér sölustarf í verslun, bæði í Smáralind og Hlíðasmára, aðstoð á Dýrasnyrtistofu í Hlíðasmára og annað tilfallandi. Skilyrði: lágmarksaldur 18 ár - þjónustulund- góð íslensku kunnátta - hreint sakavottorð. Umsókn sendist á dyrabaer@dyrabaer.is**

### Eldsmiðjan á Suðurlandsbraut
Yfirmaður í símveri Símsvörun, móttaka allra vafamála, kenna nýju starfsfólki. Vinnutími: Önnur hver vika fi-su: 17-22 Hæfniskröfur: 25 ára aldurstakmark, reynsla í símsvörun. Reynsla af stjórnun æskileg. Umsóknir aðeins á: http://umsokn.foodco.is

**Starfskraftur óskast í veiðibúð frá mai - okt.**
**hæfniskröfur-leiðsögumenska eða vit á stangveiði algjört skilirði.. stunvísi er grundvöllurinn fyrir samstarfi. meðmæli er +. Umsóknir sendist á zircon@simnet.is**

**Hjá Jóa Fel Holtagarðar**
**Óskum eftir að ráða hörkuduglega manneskju í afgreiðslu í Bakarí hjá Jóa Fel Holtagörðum. Vinnutími 12-18 alla virka daga og önnur hver helgi. Íslensku kunnátta skilyrði. Áhugasamir geta sent umsókn á unnur@joifel.is eða í (s. 863 7579 Linda)**

seafood cellar restaurant
sjávarkjallarinn

**Sjávarkjallarinn**
**Bjóðum verðandi matreiðslumönnum frábæran stað til þess að læra fagið á. Langar þig til þess að vinna við matreiðslu á einum besta veitingastað í Reykjavík? Uppl. veitir Hrefna (694 3854) alla virka daga milli 10-12 og 14-17 í síma eða á staðnum. Umsóknir á: http://umsokn.foodco.is**

Vantar starfsfólk í útkeyrslu. Vinnutími frá ca 07-15. Einnig vantar fólk í sumarafleysingar. Reglusemi og stundvísi skilyrði. Vinsamlegast sendið umsóknir með mynd á sendi@simnet.is

### 30.000 kr. fyrir flottasta prófílinn !
Sexychat.is efnir til samkeppni um flottasta prófílinn. Peningaverðlaun og ókeypis áskrift! Sexychat.is.

Finnst þér gaman að taka til og þrífa, ertu jafnvel með hreingerningaræði? Dugleg og rösk manneskja óskast í heimaþrif. Uppl. í s:898-0500

Veitingahúsið Lauga-ás leytar eftir duglegum og glaðlyndum starfskrafti í eldhús og sal í 50% vinnu um kvöld og helgar. Uppl. í s:5531620 og á staðnum.

Múrari eða maður vanur múrverki óskast til starfa strax. Þarf að hafa unnið við flísalagnir og með náttúrustein. Uppl. í s. 896 4757.

Duglegur unglingur óskast í sveit. Þarf að geta komið í maí. Uppl. hjá Guðmundi í s. 452 7154.

## Atvinna óskast

Óska eftir starfi sem næturvörður. Uppl. í s. 694 1237.

Harðduglegum Indverja (kk) vantar vinnu. Vanur bílaviðgerðum og málningarstörfum, frábær kokkur (indverskt, arabískt, hvaðeina)! Sá heiðarlegasti og áreiðanlegasti. bryndbj@hi.is, gsm:6929501

## Til sölu




## Einkamál

**SÍMAÞJÓNUSTUR**

**Stefnumót**
905-2000 (símatorg)
535-9920 (kreditkort)
535-9923 (frítt, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Spjall**
904-5454 (símatorg, karlar)
535-9940 (kreditkort, karlar)
555-4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535-9988 (kreditkort)
**Sögur**
905-2002 (símatorg)
535-9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908-6000 (símatorg)
535-9999 (kreditkort)

**Símaþjónusta Spjalldömur**

**S. 908 6666 & 908 2000. Opið þegar þér hentar**

### Indæl og hlý kona
vill kynnast karlmanni með endurnærandi og slakandi tilbreytingu í huga. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8211.

### Heilbrigður karlmaður
Tæplega fimmtugur leitar kynna við 2-3 karlmenn samtímis. Augl. hans er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8122.

### Einstaklega heit auglýsing
Ungrar konu sem er í alveg gríðarlegum ham og vill að þú hlustir á hana leika sér og skiljir eftir skilaboð hjá henni. Augl. hennar er hjá Rauða Torginu Stefnumót, s. 905-2000 eða 535-9920, augl.nr. 8319.

### Chat.is
Frábær nýr íslenzkur spjallvefur, ókeypis og öllum opinn. Þið notið hljóðspjall (Voice Chat) til að tala saman alveg eins og í síma! Chat.is.

### 30.000 kr. fyrir flottasta prófílinn !
Sexychat.is efnir til samkeppni um flottasta prófílinn. Peningaverðlaun og ókeypis áskrift! Sexychat.is.

## Tilkynningar

Artist looking for women and girls to talk about Reykjavík memories. t:5173546 or freja.backman@gmail.com

## Tilkynningar

Skipulags stofnun

### Mat á umhverfisáhrifum
**- Ákvörðun Skipulagsstofnunar um matsskyldu framkvæmda**

Skipulagsstofnun hefur tekið ákvörðun um að eftirtaldar framkvæmdir skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum samkvæmt lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

**Skógrækt og uppgræðsla í Selfjalli við Lækjarbotna, Kópavogi**

**Breyting á fiskeldi Rifsóss í Lóni í Kelduhverfi, Norðurþingi**

Ákvarðanirnar liggja frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Þær er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Ákvörðun Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 6. júní 2009.

**Skipulagsstofnun**

www.hafnarfjordur.is

HAFNARFJÖRÐUR

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR
STRANDGATA 6
220 HAFNARFJÖRÐUR
SÍMI 585 5500
FAX 585 5599

### Auglýsing um skipulag

**Breyting á deiliskipulagi fyrir Hörðuvelli/Reykdalsreit, Ljósatröð 2 og 4 og Lækjargata 46 í Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 31. mars 2009, að auglýsa tillögu um breytingu á deiliskipulagi fyrir Hörðuvelli/Reykdalsreit, Ljósatröð 2 og 4 og Lækjargata 46 í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að gera byggingarreit og lóð fyrir dælustöð, og viðbyggingu fyrir húsið að Ljósatröð 2.

**Breyting á deiliskipulagi Ásvalla, Ásvöllum 1 í Hafnarfirði.**

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar, samþykkti á fundi sínum þann 14. apríl 2009, að auglýsa tillögu um breytingu á deiliskipulagi fyrir Ásvelli, Ásvelli 1 í Hafnarfirði, skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.br.

Breytingin felst í að íþróttamiðstöðin verður stækkuð, bætt verður við íþróttasal austan við núverandi sal, gerð tengibygging að yfirbyggðri stúku að núverandi gervigrasvelli. Byggingarreitur verður 12.260 m² í stað 7000 m². Fjölnota knattspyrnuhús sem fyrirhugað var að byggja yfir gervigrasvöll verður flutt sunnan við völlinn og snúið þvert á hann. Byggingarreitur að grunnfleti 13.300 m². Gerður verður 1330 m² byggingarreitur fyrir íþróttatengda þjónustu rétt við aðalaðkomu inn á svæðið. Gert verður ráð fyrir að hægt verði að tengja núverandi íþróttamiðstöð við knatthús og byggingu fyrir íþróttatengda starfsemi með tengibyggingu ofan eða neðanjarðar, hámarks grunnflötur 350 m². Gert verður ráð fyrir reit fyrir þjónustu m.a. fyrir sjálfsafgreiðslubensínstöð. Núverandi búningshús fjarlægt eða breytt í samræmi við nýja notkun síðar. Bætt verður inn byggingarreit fyrir pylsuvagn við innkeyrslu á austurhluta svæðisins. Stúka sem áður var sýnd sunnan við núverandi gervigrasvöll verður stölluð grasbrekka. Byggingarreitur fyrir bráðabirgðastúku austan megin við núverandi grasvöll.

Deiliskipulögin verða til sýnis í þjónustuveri Hafnarfjarðarbæjar, Strandgötu 6, frá 4. maí 2009 - 2. júní 2009. Hægt er að skoða deiliskipulagstillögurnar á vef Hafnarfjarðarbæjar. Nánari upplýsingar eru veittar á skipulags- og byggingarsviði.

Þeim sem telja sig hagsmuna eiga að gæta er gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingarnar og skal þeim skilað skriflega til skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarbæjar, eigi síðar en 16. júní 2009. Þeir sem eigi gera athugasemd við breytinguna innan tilskilins frests, teljast samþykkir þeim.

**Skipulags- og byggingarsvið Hafnarfjarðar.**

## Til leigu

**TIL LEIGU ATVINNUHÚSNÆÐI Á HÖFÐANUM**




**Til leigu c.a 190fm pláss í kjallara í Bílakjarnanum Eirhöfða 11 með 3 innkeyrsludyrum. Getur hentað vel undir bónstöð og smáviðgerðir. Verð á fm c.a 1.200 kr. Laust strax.**

**Uppl. í síma 893 2165 Ingimar & s. 896 1663, Stefán. E-mail: ingimar@nyja.is & stefan@litla.is**

## Útboð

# Útboð

Fyrir hönd húsfélagsins Miðleiti 5-7, óskar Almenna verkfræðistofan hf. eftir tilboðum í verkið:

**MIÐLEITI 5 - 7**
**VIÐGERÐ Á KLÆÐNINGUM**

Í verkinu felst að gera við stálklæðningu á hliðum hússins og klæðningu á þakkanti ásamt málun.

Útboðsgögn eru afhent bjóðendum á rafrænan hátt um póstfangið gudmundur@almenna.is.

Ekki verður haldinn kynningarfundur eða efnt til vettvangsskoðunar með bjóðendum.

Tilboði skal skilað í lokuðu umslagi merktu nafni útboðs, eigi síðar en kl. 13[30] miðvikudaginn 13.maí til Almennu verkfræðistofunnar hf., Fellsmúla 26, 108 Reykjavík, og verða tilboð opnuð þar þennan sama dag kl. 13[45].

Almenna verkfræðistofan
FRÁ MÓTUN AÐ MANNVIRKI



Þökkum öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför,

**Sigurðar Ríkharðs Stefánssonar**

frá Siglufirði.

Stuðningur ykkar er okkur ómetanlegur.

**Ólöf Áslaug Kristjánsdóttir**
**Hákon Heimir Sigurðsson** **Alda Pétursdóttir**
**Birgir Agnar Sigurðsson**
**Rakel, Brynjar og Kristófer.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristbjörg A. Magnúsdóttir**

Tröllagili 14, Akureyri,

sem andaðist á heimili dóttur sinnar í Reykjavík þriðjudaginn 28. apríl, verður jarðsungin frá Glerárkirkju föstudaginn 8. maí klukkan 13.30. Þeim sem vildu minnast hennar er bent á að láta Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis njóta þess.

**Helgi Magnús Stefánsson** **Helga Kristjánsdóttir**
**María Sigurbjörg Stefánsdóttir** **Leiknir Jónsson**
**Svandís Ebba Stefánsdóttir** **Jóhannes Páll Héðinsson**
**Anna Kristín Stefánsdóttir** **Anfinn Heinesen**
**barnabörn og langömmubörn.**



*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför elskulegrar eiginkonu, móður, tengdamóður og ömmu,*

**Tonnyar Margrethe Muller**

Hrafnistu í Hafnarfirði.

Sérstakar þakkir til starfsfólks Hrafnistu í Hafnarfirði fyrir góða umönnun. Guð veri með ykkur.

**Kristinn Guðjónsson**
**Tryggvi Anton Kristinsson**
**Snorri Lorentz Kristinsson** **Anna Gréta Arngrímsdóttir**
**Reynir Kristinsson** **Lilja Guðmundsdóttir**
**Ingvi Guðjón Kristinsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Halldór Sveinn Rafnar**

fyrrv. borgarfógeti og formaður Blindrafélagsins,

sem lést að morgni föstudagsins 1. maí sl. verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju fimmtudaginn 7. maí kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á sjóðinn „Blind börn á Íslandi“ sem er í vörslu Blindrafélagsins, Hamrahlíð 17.

**Þorbjörg J. Rafnar**
**Ásthildur S. Rafnar** **Þorsteinn Ólafsson**
**Jónína Þ. Rafnar** **Guðmundur Þorgrímsson**
**Andrea Þ. Rafnar** **Einar Þór Þórhallsson**
**afabörn og langafabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, stjúpfaðir, tengdafaðir og afi,*

**Helgi Jökulsson**

Dverghömrum 26, Reykjavík,

sem andaðist á líknardeild Landspítalans í Kópavogi 30. apríl, verður jarðsunginn frá Grafarvogskirkju 8. maí kl. 13.00.

**Gréta Féldsteð Kristinsdóttir**
**Guðrún Helgadóttir** **Grímur Sigurðsson**
**Jón Heiðar Helgason**
**Lilja Kristín Þorsteinsdóttir** **Eiríkur Jón Gunnarsson**
**barnabörn.**



*Ástkær eiginkona, móðir, tengdamóðir og amma,*

**Lilja Guðvör Guðmundsdóttir**

til heimilis að Furugrund 12, Kópavogi,

sem lést föstudaginn 24. apríl á Líknardeild Landakotsspítala, verður jarðsungin frá Digraneskirkju miðvikudaginn 6. maí kl. 15.00.

**Hallvarður S. Guðlaugsson**
**Guðmundur J. Hallvarðsson** **Anna Margrét Jónsdóttir**
**Lilja Dögg Guðmundsdóttir** **Elvar Már Ólafsson**
**Hallvarður Jón Guðmundsson**
**Elfa Rún Guðmundsdóttir**



*Móðir mín, amma okkar og langamma,*

**Vilborg Berentsdóttir**

Hrafnistu, Reykjavík, áður Fellsmúla 5,

lést miðvikudaginn 29. apríl sl. Útförin fer fram frá Fossvogskapellu föstudaginn 8. maí kl. 13.00. Starfsfólki deilda F-3 og H-2 á Hrafnistu eru færðar hugheilar þakkir fyrir alúð og umhyggju síðastliðin ár.

**Hólmfríður Jónsdóttir**
**Jón Halldór Halldórsson** **Nawel Halldorsson**
**Sverrir Halldórsson**
**Vilborg Halldórsdóttir** **Guðmundur Grétar Guðmundsson**
**og langömmubörn.**



*Maðurinn minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Magnús Guðmundsson**

Reykjum, Mosfellsbæ,

sem lést miðvikudaginn 22. apríl, verður jarðsunginn frá Langholtskirkju fimmtudaginn 7. maí kl. 13.00. Þeim sem vildu minnast hans er bent á Sjóð Odds Ólafssonar, Reykjalundi, s. 585 2000, og líknarfélög.

**Málfríður Bjarnadóttir**
**Sólveig Ólöf Jónsdóttir** **Pétur R. Guðmundsson**
**Guðmundur Jónsson** **Þuríður Yngvadóttir**
**Helga Jónsdóttir** **Magnús Guðmundsson**
**Bjarni Snæbjörn Jónsson** **Björg K. Kristjánsdóttir**
**Eyjólfur Jónsson** **Auður Ósk Þórisdóttir**
**Jón Magnús Jónsson** **Kristín Sverrisdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðríður Þorsteinsdóttir**

Barmahlíð 36, Reykjavík,

verður jarðsungin frá Háteigskirkju fimmtudaginn 7. maí kl. 13.00.

**Viðar G. Elísson**
**Guðrún Elsa Elísdóttir**
**Þorsteinn Elísson** **Ásta Fríða Baldvinsdóttir**
**Hildur Jóna Þorsteinsdóttir** **Sigurjón Einar Þráinsson**
**Þorsteinn Már Þorsteinsson** **Vala Steinsdóttir**
**Elísa Björk Þorsteinsdóttir**
**Guðjón Ingi Gunnlaugsson**
**og barnabarnabörn.**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Ísólfur Þ. Eggertsson**

Kambaseli 29, Reykjavík,

lést á heimili sínu aðfaranótt 26. apríl. Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Þorleif Þorleifsdóttir**
**Eyjólfur Ísólfsson** **Ida Thellufsen**
**Þórir Ísólfsson** **Elín R. Líndal**
**Eggert Ísólfsson** **Sigurmunda Skarphéðinsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

**MICHAEL PALIN ER 66 ÁRA.**

*„Ég er hvorki frábær kokkur né listamaður. En ég elska list og ég elska mat. Þess vegna er ég hinn fullkomni ferðamaður.“*

***Leikarinn Michael Palin er einn úr Monty Python-genginu. Hann hefur einnig búið til ferðaþætti fyrir BBC-sjónvarpsstöðina.***



# tímamót

timamot@frettabladid.is



**LÁNSÖM** Rósa er ánægð með hópinn. Frá vinstri: Rósa, Guðrún Jóhannesdóttir líffræðingur, Berglind Ósk Einarsdóttir og Aðalgeir Arason líffræðingur. Hún þakkar líka Bjarna Agnari Agnarssyni meinafræðingi og Óskari Þór Jóhannssyni krabbameinslækni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

## RÓSA BJÖRK BARKARDÓTTIR: HEIÐURSVÍSINDAMAÐUR LANDSPÍTALA 2009

# Býst við framförum

„Mér þótti mjög vænt um þetta. Annars lít ég svo á að ég hafi verið að taka við þessari viðurkenningu fyrir hópinn sem hefur staðið með mér í gegnum þykkt og þunnt í þessum rannsóknum,“ segir Rósa Björk Barkardóttir, forstöðumaður sameindameinafræðieiningar Rannsóknastofu Landspítalans í meinafræði, sem var á Vísindadögum Landspítala Háskólasjúkrahúss valin heiðursvísindamaður Landspítala 2009.

Viðurkenningin er veitt vísindamanni sem þykir hafa náð eftirtektarverðum árangri í starfi en Rósa Björk og samstarfsfólk hennar á Landspítalanum vinnur að rannsóknum á brjóstakrabbameini og meðfæddri áhættu til myndunar meinsins. Þau taka þátt í alþjóðlegu samstarfi um leit og einangrun brjóstakrabbameinsgena sem hafa meðal annars leitt til einangrunar brjóstakrabbameinsgenanna BRCA1 og BRCA2. Um niðurstöðurnar hefur verið fjallað í þekktum tímaritum á borð við Nature, Cancer Research og American Journal of Human Genetics. „Þessar rannsóknir á krabbameinsættum vöktu athygli, ekki síst vegna þess hversu auðvelt okkur reyndist miðað við vísindamenn annarra landa að skoða stórar ættir. Við búum svo vel á Íslandi að Rannsóknastofa Landspítalans í meinafræði hefur varðveitt allan vef sem hefur borist til greiningar á sjúkdómum. Því má nýta vef í rannsóknirnar sem hefur varðveist í tugi ára. Þannig gátum við tekið þátt í að einangra BRCA1 og BRCA2 genin, sem eru nú þekktustu genin sem hafa verið einangruð sem áhættugen í brjóstakrabbameinsættum. Fyrir þær sakir er hægt að framkvæma stökkbreytiprófun á einstaklingum úr ættum þar sem meinið er algengt, og vinna þannig forvarnarstarf,“ segir Rósa og viðurkennir að hópurinn hafi átt þátt í brautryðjendastarfi sem nýtist í alþjóðlegu samhengi. Hún ítrekar þó að hlutfallslega fá brjóstakrabbamein tengist ættlægri áhættu eða kringum tíu prósent.

En hvernig stöndum við í baráttunni gegn brjóstakrabba. „Ég var nýlega stödd á ráðstefnu helgaðri krabbameini í Denver í Bandaríkjunum og eftir það tel ég mikla framför hafa orðið. Ég er bjartsýn á að allar rannsóknirnar fari að bera árangur og sé fram á miklar framfarir í greiningum og meðferðum innan næstu tíu ára.“

**roald@frettabladid.is**



*Elskuleg mágkona mín, föðursystir okkar og frænka,*

**Vigdís Magnúsdóttir**

hjúkrunarfræðingur, Herjólfsgötu 40, Hafnarfirði,

sem lést 25. apríl, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 7. apríl kl. 15.00. Þeim sem vildu minnast hennar er vinsamlegast bent á styrktarsjóð Kristilegs félags heilbrigðisstétta sem hefur verið stofnaður í minningu hennar. Tekið er á móti minningargjöfum í síma 543 1104 og á vefsíðu þjónandi forystu www.thjonandiforysta.is

**Soffía Júlíusdóttir**
**Eygló Einarsdóttir**
**Sigríður Snorradóttir** **Þorsteinn Sigurðsson**
**Elín Snorradóttir**
**Einar, Soffía, Snorri, Magnús, Sigurður og Vigdís.**




512 5100 | STOD2SPORT.IS | VERSLANIR VODAFONE | VERSLANIR OG ÞJÓNUSTUVER SÍMANS 800 7000









NOKKUR ORÐ

Júlía Margrét Alexandersdóttir

# Pabbi er alltaf upptekinn

Sú væðing að ljá ómálga börnum rödd og láta þau tjá sig á fötum sem þau ganga í, á heimasíðum eða bloggum hefur eflst síðustu árin. Sjálfur á sonur minn, 10 mánaða, bol sem á stendur „Milk rocks“. Mér finnst það svolítið fyndið. Þessar fatamerkingar þar sem ungbörn gefa út oft stórar yfirlýsingar á klæðnaði sínum, algerlega óméðvituð um þann boðskap sem þau eiga að vera að koma á framfæri, eru oftast nær frekar saklausar. Eru þær þó alveg í takt við þá þróun sem orðið hefur í internetheimum þar sem börnin eru látin tjá sig í fyrstu persónu. Undir myndum af 9 mánaða gömlu barni skrifa foreldrarnir í umboði barna sinna: „Ég elska að fara í bað.“ Maður stoppar kannski ekki mikið við slíka orðræðu. Það er öllu kaldari gusa þegar foreldrar láta börnin skjóta hárfínum skítaskotum á hitt foreldrið. „Hér er ég á eins árs afmælinu. Pabbi hafði ekki tíma til að mæta. Hann er alltaf upptekinn.“ Það er nefnilega vandmeðfarin list að ljá barninu rödd og í mínum huga jafnvel spurning um grundvallarmannréttindi barnsins að enginn fái að „ljá því rödd“. Ekki hefði ég viljað þurfa að fara í gegnum þrjú ár á Barnalandi sem unglingur, og lesa dagbókarfærslur sem móðir mín hefði látið „mig“ skrá þar.



Það er erfitt að skilja af hverju börn ættu ekki jafnt og foreldrarnir að hafa umráðarétt yfir tjáningu sinni. Og er ekki erfitt fyrir foreldra að vita hvenær hætta skal leik? Eða geta foreldrar kannski skrifað í manns nafni hvernig maður skemmti sér í fermingarveislunni?

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman









# Biður um atkvæði

Brasilíski gítarsnillingurinn Thiago Trinsi biðlar nú til Íslendinga um að kjósa sig áfram í gítarkeppninni Guitar Idol UK sem stendur yfir á netinu. Kosningunni lýkur í dag og aðeins átján af 120 þátttakendum komast áfram. Af þessum átján velur dómnefnd átta sem hún telur að eigi skilið að fara áfram. „Ég er vongóður um að komast áfram. Ég hef fengið tölvupósta þar sem fólk segir að lagið mitt sé mjög gott,“ segir Trinsi, sem er tónlistarkennari, búsettur á Ólafsfirði. „Dómararnir eru að leita að alvöru gítarleikara sem er ekki endilega með flest atkvæðin á bak við sig. Þeir geta valið úr þá hæfileikaríkustu,“ segir hann.

Lagið sem Thiago sendi inn í keppnina nefnist Kids og verður það líklega á nýrri plötu sem hann er með í smíðum. Þeir sem vilja styðja við bakið á Thiago geta kosið hann á slóðinni http://guitar-idol.tv/online_final/entry/kids. Keppninni lýkur síðar á árinu þegar tólf keppendur keppa um sigurinn á sviði í London. **- fb**



**THIAGO TRINSI** Thiago Trinsi vonast eftir atkvæðum frá Íslendingum í gítarkeppninni Guitar Idol UK.

# Syngja um ástina og ofbeldi

„Við syngjum náttúrlega um ástina og um morð, ofbeldi og allt þar á milli,“ segir Haukur Emil Kaaber, forsprakki hljómsveitarinnar HEK sem er nýstigin fram á sjónarsviðið. Tónlistin byggir á amerískri þjóðlagahefð og þykja textarnir sérlega kjarnyrtir þar sem fjallað er um íslenskan samtíma og borgarlífið á líflegan máta. „Planið er að fara út á land og reyna að komast einhvern hring og spila sem mest vegna þess að það er svo gaman,“ segir Haukur, sem stofnaði sveitina fyrir ári síðan ásamt kontrabassaleikaranum Sindra. Síðan þá hafa tveir til viðbótar bæst í hópinn. „Ég kalla þetta dægurlagapopp en okkur hefur verið líkt við KK,“ segir hann.

Fram undan hjá HEK, sem er skammstöfun á nafni Hauks, er hljóðritun á nýju lagi og síðar meir hefur stefnan verið sett á plötu. Spurður hvort þeir ætli á sveitaballarúntinn í sumar, telur hann litlar líkur á því. „Við erum ekki of góðir fyrir sveitaböll en þetta er alvarlegra samt. Við erum ekki að „covera“ mikið og ef við „coverum“ gerum við lögin að okkar.“

Næstu tónleikar HEK verða á Café Rosenberg í kvöld klukkan 20 ásamt The Diversion Sessions. Einnig hefur sveitin verið bókuð á Laugavatnshátíðina um næstu mánaðamót. **- fb**



**HEK** Hljómsveitin HEK syngur um ástina, morð, ofbeldi og allt þar á milli. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**REGNBOGINN** Listahátíðin Raflost hefst í þriðja sinn í dag. Sýndar verða gagnvirkar kvikmyndir í Regnboganum á fimmtudagskvöld.

# Raflost í þriðja sinn

Listahátíðin Raflost hefst í þriðja sinn í dag og stendur yfir til laugardags. Atburðir hátíðarinnar verða haldnir á ýmsum stöðum en eiga það sameiginlegt að nýta, rafmagn, tölvur og aðrar tækninýjungar á skapandi hátt. Til dæmis verða á fimmtudagskvöld sýndar gagnvirkar kvikmyndir í Regnboganum og á laugardag geta gestir Hlöðunnar í Vogum á Vatnsleysuströnd fylgst með samspili rafmagns og upplýsinga. Aðalgestir hátíðarinnar verða þeir Tomi Knuutila, Teijo Pellinen, Chris Hales, Þórhallur Magnússon og Davíð Brynjar Franzson.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Þriðjudagur 5. maí 2009**

**➜ Kvikmyndir**



**20.00** Kvikmyndasafn Íslands sýnir dönsku myndina **„Sult“** sem gerð var eftir bók **Knuts Hamsun**. Sýningin fer fram í Bæjarbíói við Strandgötu 6 í Hafnarfirði og aðgangur er ókeypis. Nánari upplýsingar á www.kvikmyndasafn. is.

**➜ Tónleikar**

**18.30 Tónlistarskólinn Do Re Mi** verður með afmælistónleika í Norræna húsinu við Sturlugötu. Flutt verða verk eftir m.a. **Chopin**, **Debussy** og **Scott Joplin**. Aðgangur ókeypis og allir velkomnir.

**20.00 Hek** og **The Diversion Sessions** spila á Rosenberg við Klapparstíg. Aðgangur er ókeypis.



**20.00 Rut Berg Guðmundsdóttir** flautuleikari verður með tónleika í Salnum við Hamraborg í Kópavogi. Á efnisskránni er verk eftir m.a. **Bach**, **Prokofiev** og **Atla Heimi Sveinsson**.

**➜ Opnanir**

**12.15 Karl Guðmundsson** opnar sýninguna **KALLI25** í Gallerí Ráðhús við Geislagötu á Akureyri. Sýningin er viðburður í tengslum við hátíðina List án landamæra.

**➜ Fyrirlestrar**

**12.05** Í **þjóðminjasafninu** við Suðurgötu mun **Guðný Zoëga** fornleifafræðingur, fjalla um minjar sem fundust við björgunarrannsóknir í Keldudal í Skagafirði. Allir velkomnir og aðgangur ókeypis. Nánari upplýsingar á www.natmus.is.

**➜ Karaókí**



**21.30 Trúbadora-karaóki** verður haldið á Cafe Oliver við Laugaveg 20.

**Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is**


# Allt til viðhalds fasteigna

Á góðu verði fyrir alla – alltaf




LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

## Málning, gólfefni, múr- og þéttiefni fyrir húsið

**Reykjavík**, Klettháls 7
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16

**Suðurnes**, Fuglavík 18
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14

**Akureyri**, Furuvellir 15
Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14




MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?

Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is

Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!



**FYRSTA ÆFING Í MOSKVU** Jóhanna Guðrún og íslenski hópurinn steig í fyrsta sinn á svið í Moskvu í gærmorgun. Fyrsta æfingin gekk vonum framar. FRÉTTABLAÐIÐ/ALMA

# Jóhanna í góðum gír á fyrstu æfingunni í Moskvu

**Íslenski Eurovision-hópurinn er kominn til Moskvu og þegar farinn að vekja athygli. Söngkonan Jóhanna Guðrún bjóst við að fá sjokk á sviðinu á fyrstu æfingunni en hún var eins og heima hjá sér.**

„Mér fannst ganga lygilega vel,“ sagði Jóhanna Guðrún Jónsdóttir söngkona eftir fyrstu æfingu íslenska Eurovision-hópsins í Moskvu í gærmorgun. Íslenski hópurinn hélt til Moskvu á sunnudag, en eins og flestum er orðið kunnugt syngur Jóhanna lagið Is it true? með dyggum stuðningi Heru Bjarkar Þórhallsdóttur, Friðriks Ómars Hjörleifssonar og Ernu Hrannar Ólafsdóttur í bakröddum, en á selló spilar Hallgrímur Jensson og Börkur Hrafn Birgisson á gítar.

„Ég bjóst alveg eins við því að maður fengi sjokk þegar við kæmum út, en ég er mun rólegri eftir æfinguna. Það þarf bara að fínpússa atriðið, en annars gekk þetta frábærlega og allir stóðu sig vel,“ segir Jóhanna um æfinguna í Ólympíuhöllinni. Vefmiðlar sem fylgdust með æfingunni eru á sama máli því á Eurovision-síðunni ecstoday.com er henni hælt fyrir góða frammistöðu og var klappað lof í lófa af gestum og áhangendum keppninnar sem fylgdust með. Að æfingu lokinni var svo blaðamannafundur þar sem íslenski hópurinn sat fyrir svörum fjölmiðla.

Næstu daga fer fram stífur undirbúningur undir forkeppnina, sem fer fram 12. maí. Á fimmtudag mun hópurinn æfa á sviðinu í fullum skrúða í fyrsta sinn, en eins og fram hefur komið verður Jóhanna í sérhönnuðum blátóna kjól skreyttum fjöðrum eftir Margréti Einarsdóttur búningahönnuð og Gunnar Hilmarsson og Kolbrúnu Gunnarsdóttur í Andersen & Lauth.


NÝTT Í BÍÓ

LAUGARÁSBÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus




ÞRIÐJUDAGUR ER TILBOÐSDAGUR 500 KR Á ALLAR MYNDIR NEMA ÍSLENSKAR

LAUGARÁSBÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| X-MEN ORIGINS:WOLVERINE | kl.5.50,8og10.10-POWER | 14 |
| CRANK 2 HIGH VOLTAGE | kl. 8 og 10 | 16 |
| STATE OF PLAY | kl. 5.30, 8 og 10.30 | 12 |
| VILLTU VINNA MILLJARÐ | kl. 5.50 | 12 |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| X MEN | kl. 5:40 - 8D - 10:20D | 16 |
| X MEN | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| NEW IN TOWN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 5:50 | VIP |
| 17 AGAIN | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:20 | 12 |
| MONSTERS ALIENS m/ísl. tali | kl. 5:50 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| NEW IN TOWN | kl. 8:10 - 10:20 | L |
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| THE UNBORN | kl. 8:20 - 10:20 | 16 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 10:20D | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6(3D) | L |
| BAADER MEINHOF COMPLEX | kl. 5:40 Síð. sýn. | 16 |
| LET THE RIGHT ONE IN | kl. 8 | 16 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| PUSH | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 | 12 |
| FAST & FURIOUS | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| STÍGVÉLAÐI KÖTTURINN m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| THE UNBORN | kl. 8 - 10 | 16 |
| MONSTERS VS ALIENS m/ísl. tali | kl. 6 | L |
| STATE OF PLAY | kl. 8 | 12 |
| OBSERVE AND REPORT | kl. 10:20 | 16 |

SAMBÍÓIN KEFLAVÍK

| | | |
|---|---|---|
| 17 AGAIN | kl. 8 | L |
| PUSH | kl. 8 | 12 |
| BOY IN THE STRIPED PAYJAMAS | kl. 10:10 | 12 |
| KNOWING | kl. 10:10 | 12 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ - Í DAG - KR. 500
GILDIR EKKI Í VIP, Á ÍSLENSKAR MYNDIR OG Á MYNDIR Í 3D

NÝTT Í BÍÓ!

HEIMSFRUMSÝNING Á FYRSTU STÓRMYND SUMARSINS
MYND SEM ENGINN MÁ MISSA AF Í BÍÓ!







500 kr. allar myndir allar sýningar alla þriðjudaga allt sumar

SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED FORSÝNING | kl. 8 MasterCard 2 FYRIR 1 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE D | kl. 3.40 - 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE LÚXUS D | kl. 5.40 - 8 - 10.20 | 14 |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.30 | 16 |
| 17 AGAIN | kl. 3.40 - 5.50 -8 - 10.10 | L |
| I LOVE YOU MAN | kl. 8 - 10.10 | 12 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 4 - 6 | L |
| FRANKLÍN & FJARSJÓÐURINN | kl. 3.50 | L |
| MALL COP | kl. 6 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

REGNBOGINN SÍMI 551 9000 500 kr. ÓDÝRT Í BÍÓ!

| | | |
|---|---|---|
| STATE OF PLAY | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| I LOVE YOU MAN | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| FAST AND FURIOUS | kl. 5.40 - 8 - 10.15 | 12 |
| MALL COP | kl. 5.50 - 8 | L |
| MARLEY AND ME | kl. 10.20 | L |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED FORSÝNING | kl. 8 MasterCard 2 FYRIR 1 | 12 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 6.30 - 9 | 14 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 6 - 8 - 10 | L |
| MYNDIR FRÁ BÍÓDÖGUM GRÆNA LJÓSSINS | | |
| SUNSHINE CLEANING | kl. 6 ótextuð | 12 |
| ME AND BOBBY FISHER | kl. 10.30 ísl. texti | L |
| GOMORRA | kl. 5.30 ísl. texti | 16 |
| DIE WELLE | kl. 8 enskur texti | 12 |
| TWO LOVERS | kl. 10 ísl. texti | 12 |

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| BOAT THAT ROCKED FORSÝNING | kl. 8 MasterCard 2 FYRIR 1 | 14 |
| X-MEN WOLVERINE | kl. 5.50 - 8 - 10.10 | L |
| CRANK 2: HIGH VOLTAGE | kl. 10.15 | 16 |
| DRAUMALANDIÐ | kl. 5.50 | L |

AUKAKRÓNUR 5%

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI AUKAKRÓNUR

500 kr. allar myndir allar sýningar alla þriðjudaga allt sumar

SMÁRABÍÓ REGNBOGINN HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

MasterCard 2 fyrir 1
í dag kl. 20.00




BRÁÐSKEMMTILEG GAMANMYND FRÁ LEIKSTJÓRA NOTTING HILL OG FOUR WEDDINGS AND A FUNERAL

MasterCard korthafar fá tvo miða á verði eins á sérstakar MasterCard forsýningar í kvöld 5. maí kl. 20.00, í Smárabíói, Háskólabíói og Borgarbíói Akureyri, greiði þeir með kortinu

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ BORGARBÍÓ

Með leyfi AVALON PROMOTIONS & LIBERTY BELL

GRUMPY OLD WOMEN LIVE

Björk Helga Edda



# Fúlar á Móti

## í Íslensku óperunni

**Þrjár fyndnustu leikkonur landsins saman á sviðinu!**

**ALLT AÐ SELJAST UPP!**

7. MAÍ - UPPSELT
8. MAÍ - UPPSELT
9. MAÍ - UPPSELT
10. MAÍ - UPPSELT

14. MAÍ - ÖRFÁ SÆTI LAUS
15. MAÍ - ÖRFÁ SÆTI LAUS
17. MAÍ - ÖRFÁ SÆTI LAUS

Forsölu lýkur 7. maí - Tryggðu þér miða

*„Edda er meistari sem unun er að sjá og heyra. Ég hef lengi dáðst að „replikkunni" hennar Eddu, hvað hún er flink við að skjóta tilsvörunum beint í mark; það eitt að heyra hana spýta bröndurunum út í salinn er leikhúsferðarinnar virði."* JVJ DV

*„Mér fannst allar leikkonurnar fyndnar - en ég hló mest af Björk - hún er æðislega fyndin!"* Róbert Gíslason - áhorfandi

*„Þær Helga Braga og Edda eru gamanleikarar af guðs náð; eitt bros hér og mjaðmahnykkur þar segir stundum meira en þúsund orð."* Mbl.

**MIÐASALA Í SÍMA 511 4200 Á WWW.MIDI.IS OG Á WWW.OPERA.IS**

FLUGFÉLAG ÍSLANDS

MasterCard

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

## FRÉTTABLAÐIÐ SPÁIR GRINDAVÍK 5. SÆTINU Í PEPSI-DEILDINNI 2009

### > LYKILMAÐURINN



**Scott Ramsay** var af mörgum talinn einn allra besti leikmaður úrvalsdeildar karla í fyrra og skyldi engan undra. Hann sýndi oft lipra takta á vellinum og skoraði fallegasta mark ársins strax í fyrsta leik tímabilsins, gegn KR. Hann mun sem fyrr gegna miklu hlutverki í liði Grindavíkur og vera helsti drifkrafturinn í sóknarleik liðsins.

# *Mun treysta mikið á unga leikmenn*

Grindavík kom flestum í opna skjöldu á síðasta tímabili er liðið náði sjötta sæti úrvalsdeildarinnar – þá sem nýliðar. Flestir höfðu spáð að Grindavík yrði í miklum fallslag en á endanum varð liðið í sjöunda sæti deildarinnar með jafn mörg stig og Fjölnir sem var talið spútniklið sumarsins.

Milan Stefán Jankovic er sem fyrr þjálfari Grindavíkur og segist ekki vanur því að vera spáð svo ofarlega.

„Mér litist mjög vel á að ná fimmta sætinu, þó svo að við séum ekki vanir því að fá svona pressu á okkur fyrir mót. Í fyrra var okkur spáð falli,“ sagði Milan.

Þó nokkur fjöldi erlendra leikmanna var hjá Grindavík og verða tveir þeirra áfram auk þess sem ekki er útilokað að fleiri bætist í hópinn fyrir mót.

„Við erum enn með þá Zoran Stamenic og Gilles Ondo og fáum einnig franskan leikmann til reynslu á næstu dögum,“ sagði Milan. „En við erum annars ekki með stóran hóp. Þetta eru um sextán til átján leikmenn sem skipa okkar leikmannahóp og er ljóst að margir af ungu leikmönnunum okkar munu fá tækifærið í sumar,“ sagði Milan og átti þá við kappa eins og Emil Daða Símonarson, Óla Baldur Bjarnason, Boga Rafn Einarsson og Marko Stefánsson sem einmitt er sonur þjálfarans.

Milan sagði undirbúningstímabilið hafa gengið vel og mikið hafi munað um að liðið gat í fyrsta sinn æft innanhúss.

„Það var mikil bylting fyrir okkur að fá knattspyrnuhúsið. Ég hef tekið eftir því að það er betri tækni í leik liðsins auk þess sem minna hefur verið um meiðsli en oft áður.“



### > X-FAKTORINN

**Grétar Hjartarson** kom til Grindavíkur um mitt síðasta sumar og skoraði í fyrstu tveimur leikjunum. Eftir þann þriðja meiddist hann og er hann enn frá vegna meiðslanna. Hann gæti reynst góð viðbót þegar og ef hann verður heill á ný.

### AÐRIR LYKILMENN



ORRI FREYR HJALTALÍN



ÞÓRARINN B. KRISTJÁNSSON



ZORAN STAMENIC

### GENGI Á VORMÓTUNUM

Sigrar Jafntefli Töp




| GENGI SÍÐUSTU ÁRA | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 2008 7. sæti í A-deild | 2007 1. sæti í B-deild | 2006 9. sæti í A-deild | 2005 7. sæti í A-deild | 2004 7. sæti í A-deild | 2003 6. sæti í A-deild |



**ÁFRAM Í EFSTU DEILD** Björgvin Hólmgeirsson og félagar spila áfram á meðal þeirra bestu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Umspil N1-deildar karla:

## Stjarnan áfram í efstu deild

**HANDBOLTI** Stjarnan mun spila áfram á meðal þeirra bestu í handboltanum næsta vetur.

Liðið vann öruggan sigur á Aftureldingu, 34-25, í oddaleik liðanna sem spilaður var fyrir framan fjölmenni í Mýrinni í gær. Björgvin Hólmgeirsson fór hamförum í liði Stjörnunnar í gær og skoraði 13 mörk. Fannar Örn Þorbjörnsson bætti 8 mörkum við fyrir Stjörnuna. Bjarni Aron Þórðarson var atkvæðamestur í liði Aftureldingar með 7 mörk. - hbg

# FH-ingar líklegir til afreka í sumar

**Miðað við úrslit síðustu leikja verður það afar erfitt fyrir önnur lið að hirða titilinn af FH í sumar. Íslandsmeistararnir nældu sér í sinn annan bikar á fáum dögum í gær með 3-1 sigri á KR í Meistarakeppni KSÍ.**

**FÓTBOLTI** FH-ingar fara á flugi í fótboltasumarið. Það er nýbúið að krýna þá deildarbikarmeistara og í gær vann liðið Meistarakeppni KSÍ með 3-1 sigri á KR.

Fyrri hálfleikur var að mestu eign KR-inga fyrir utan einn hlut sem er reyndar æði mikilvægur – að skora mörk. Það gerðu FH-ingar en ekki KR-ingar.

KR stýrði ferðinni úti á velli en gekk bölvanlega að skapa sér almennileg færi. Reyndar gekk það ekki neitt fyrir utan eitt dauðafæri sem Skúli Jón Friðgeirsson fékk. Daði Lárusson varði vel frá honum.

Tryggvi Guðmundsson kom FH yfir á 28. mínútu með hnitmiðuðu skoti í teignum eftir að Matthías Vilhjálmsson hafði unnið skallaeinvígi. Tryggvi skoraði aftur átta mínútum síðar og það mark var einkar glæsilegt. Beint úr aukaspyrnu, algjörlega óverjandi. Tryggvi haltraði af velli í kjölfarið. Búinn að skila góðu dagsverki.

FH réð ferðinni lengstum í síðari hálfleik og Björn Daníel Sverrisson kom Íslandsmeisturunum í 3-0 á 58. mínútu með fínu skallamarki. Var vörn KR úti á þekju í markinu.



**3-0** Björn Daníel Sverrisson kemur hér FH í 3-0 með góðum skalla. Varnarmenn KR eru aftur á móti víðsfjarri eins og stundum í leiknum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Það var ekki fyrr en Guðmundur Benediktsson kom af bekknum hjá KR að eitthvað gerðist í sókninni hjá liðinu. Jónas Guðni minnkaði muninn á 77. mínútu og eftir það tók KR völdin á ný. Skapaði nokkur þokkaleg hálffæri en ekkert meira en það.

„Við vorum ekkert sérstakir fyrstu 25 mínúturnar. Við vorum heppnir að lenda ekki undir en eftir að við brutum ísinn fannst mér við vera sterkari aðilinn,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, en hann hleypti nokkrum ungum leikmönnum á völlinn og þeir smullu allir eins og flís við rass í liðið. Þekktu allir sín hlutverk og takmörk og ekki ónýtt fyrir Heimi að búa að þessum ungu mönnum.

„Við munum ekki rúlla þessu upp í sumar og við þurfum að spila betur í Keflavík en í kvöld til þess að ná hagstæðum úrslitum þar.“

Logi Ólafsson, þjálfari KR, var ekkert að mála skrattann á vegginn þrátt fyrir tapið í gær.

„Það er engin nýlunda að KR lendi í vandræðum með FH. Minn helsti höfuðverkur er þó sá hvað við gáfum mikið eftir í kjölfar þess að FH skorar þessi tvö ódýru mörk. Við leggjumst samt ekki í dvala þrátt fyrir þessi úrslit,“ sagði Logi en hversu bjartsýnn er hann fyrir sumarið?

„Ég er hæfilega bjartsýnn á sumarið. Ég tel okkur geta mætt til leiks með gott lið sem blandar sér í baráttuna með þeim bestu. Okkar markmið er að vera í toppbaráttunni.“ henry@frettabladid.is

Gólfdúkur skynsamleg, smekkleg og hagkvæm lausn



Eldhúsið
hjarta heimilisins



Svefnherbergið
þægilegt andrúmsloft



Forstofan
einfaldara verður það ekki



Heimilisdúkur, sígild lausn:
-léttur í þrifum
-auðveldur í lögn
-glæsilegt úrval
-fæst í 2, 3 og 4 m rúllum.

Sérverslun með gólfdúk og teppi

forbo FLOORING SYSTEMS

KJARAN GÓLFBÚNAÐUR

SÍÐUMÚLA 14 • 108 REYKJAVÍK • SÍMI 510 5510

Arsenal tekur á móti Man. Utd í Meistaradeildinni:

## Wenger bjartsýnn á sigur sinna manna

**FÓTBOLTI** Síðari leikur Arsenal og Man. Utd í undanúrslitum Meistaradeildarinnar fer fram á Emirates-vellinum í kvöld. United vann fyrri leikinn, 1-0, og er því í þokkalegri stöðu fyrir kvöldið.

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, hefur lofað stórkostlegri liðsframmistöðu hjá Arsenal í kvöld. „Ég er mjög bjartsýnn á að liðið sýni frábæra frammistöðu og við vinnum. Við erum vel meðvitaðir um að það er frammistaða liðsins en ekki einstaklinganna sem mun gera útslagið,“ sagði Wenger.

„Við vorum ekki nógu beittir í fyrri leiknum. Það verður ekki vandamál í síðari leiknum. Við verðum fyrst og fremst lið í þessum leik. Ég hef lagt það upp með drengjunum,“ sagði Wenger brattur enda verður Robin Van Persie orðinn klár í slaginn hjá Arsenal.

Hjá United hafa menn helst áhyggjur af Rio Ferdinand sem hóstaði blóði eftir árekstur við Edwin Van der Sar í fyrri leiknum. Sir Alex Ferguson, stjóri Man. Utd, er þó bjartsýnn á að geta notað hann. Einnig er óvissa með þátttöku Patrice Evra. Ferdinand æfði þó í gær en það gerði Evra ekki.

„Við vitum að við getum skorað á Emirates og Arsenal veit það líka,“ sagði Ferguson en það gæti reynst liðinu drjúgt að hafa ekki fengið á sig mark í fyrri leiknum.



**BARÁTTA** Það var ekkert gefið í fyrri leiknum og verður baráttan klárlega ekki minni á Emirates í kvöld. NORDIC PHOTOS/GETTY IMAGES

Leikmaður ársins í Englandi, Ryan Giggs, segir að ef leikmenn United mæti af sama krafti í þennan leik og þann fyrri þá fari liðið í úrslit.

„Ef við spilum sama gæðafótboltann og í fyrri hálfleik síðast þá verður þetta ekkert vandamál,“ sagði Giggs brattur en samt raunsær. „Arsenal er klassalið sem getur hæglega skorað mörk þannig að við erum vel meðvitaðir um hversu erfitt þetta verður. Við höfum samt spilað vel í keppninni og höfum trú á okkur.“ - hbg



# 20% afsláttur

## af öllum mat sem þú sækir!*

**Kíktu á matseðilinn á www.rubytuesday.is, hringdu og pantaðu mat fyrir þig og þína.**

**Pöntunarsímar:**
**Skipholti 19 - 552 2211**
**Höfðabakka 9 - 517 3990**

* Gildir ekki með öðrum tilboðum

**RubyTuesday**
BRAGÐGÓÐ SKEMMTUN

**Höfðabakka 9 & Skipholti 19**

PIPAR • SÍA • 90688

## > Susan Sarandon

„Ég verð alltaf heilluð þegar ég sé venjulegt fólk takast á við erfiðar áskoranir og verða sterkari fyrir vikið.“ Sarandon leikur Michaela Odone, móður sem berst fyrir lífi sonar síns í myndinni Lorenzo's Oil sem sýnd er á Stöð 2 bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ MAGNÚS TEITSSON NÝTUR TILFALLANDI ENDURSÝNDRA LYSTISEMDA

# Á lokastigi handanlífsins: Seinfeld sjálfur!

Við sem lifum þessa tíma offramboðs á sjónvarpsefni höfum margt til að vera þakklát fyrir. Það tíðkast reyndar ekki að lofsama endursýningar en það ætla ég samt að gera. Ég er nefnilega innilega þakklátur fyrir tækifærið til að endurupplifa tíunda áratuginn. Þá riðu andhetjur um héröð, vopnaðar nöldri og áhyggjum. Staðurinn var New York, eftir verðbréfahrun en fyrir háhýsahrun, og maðurinn var Jerry Seinfeld.

Seinfeld-þættirnir fóru alltaf í taugarnar á mér. Ég var í besta falli á fyrsta Seinfeld-stigi, en þá finnst manni Jerry Seinfeld sjálfur einfaldlega leiðinlegur uppistandari og það skásta við þættina er hinn rafmagnshærði Kramer, sem sérhæfir sig í að ryðjast inn um dyr og slást við dverga. Og bassastefin milli atriða! Skelfing. Þannig leið tíundi áratugurinn og þættirnir luku göngu sinni.

En svo fór ég að kveikja á perunni. Ég áttaði mig á því að Seinfeld-þættirnir hefðu sál, og George Costanza er sú sál. George er að eigin sögn og annarra lítill, feitur, treggáfaður og sköllóttur. Hans helsta vandamál er samt foreldrarnir, sem kæmust í bandaríska Draumaliðið á Ólympíuleikunum í hávaða og gjammi. Fyrir vikið er George heiftarlega skaddaður á sálinni og að mestu leyti sneyddur siðferðilegum hömlum í samskiptum sínum við annað fólk. Ef þessi lýsing hljómar ekki aðlaðandi er það vegna þess að þú, lesandi góður, ert ekki kominn á annað Seinfeld-stig; að fatta George. Frá því er tiltölulega stutt í þriðja stigið, þegar Elaine Benes dúkkar reglulega upp með sín skemmtilegu samtímavandamál.



Fjórða stigið reyndist mér erfiðast, enda hafði mér alltaf fundist Jerry Seinfeld leiðinlegasta persónan í eigin þætti. Svo rann upp fyrir mér ljós; Jerry Seinfeld er ekkert Jerry Seinfeld! Karakterinn í þáttunum er nefnilega enn ein lúmsk birtingarmynd þess að vera algjörlega sama um náungann, með stórskemmtilegum afleiðingum. Sem aukapersóna í eigin þáttum virkar Jerry Seinfeld fullkomlega, enda er honum ætlað að vera létt hallærislegur. Sá Jerry Seinfeld sem kom til Íslands var hins vegar þvottekta leiðindaskarfur.

## ÞRIÐJUDAGUR



▶ **18.30** Arsenal - Man. Utd., beint — STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.15** Haukar – Valur, beint — SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25** How I Met Your Mother — STÖÐ 2



▶ **20.30** Ally McBeal — STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.50** The Cleaner — SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**16.35 Leiðarljós**

**17.20 Táknmálsfréttir**

**17.30 Arthúr**

**17.55 Lítil prinsessa** (15:15)

**18.10 Pósturinn Páll** (2:28)

**18.25 Talið í söngvakeppni** (2:3) (e)

**19.00 Fréttir**

**19.30 Veður**

**19.35 Kastljós**

▶**20.15 Úrslitakeppnin í handbolta karla** Bein útsending frá fjórða leik Hauka og Vals í úrslitakeppninni í handbolta karla.

**22.00 Tíufréttir**

**22.20 Lögregluforinginn - Gluggar sálarinnar** (The Commander: Windows of the Soul) (1:2) Bresk sakamálamynd eftir Lyndu La Plante. Clare Blake, yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í London, er kölluð úr fríi eftir að prestur er stunginn til bana í kirkju sinni. Aðalhlutverk: Amanda Burton, Joanne Adams, Paul Brightwell, Simon Britton, Christopher Fulford og Mark Lewis Jones.

**23.10 Ríki í ríkinu** (The State Within) (1:7) Breskur spennumyndaflokkur í sjö þáttum. Flugvél springur í flugtaki í Washington og í framhaldi af því lendir sendiherra Breta í borginni í snúnum málum og virðist engum geta treyst. Meðal leikenda eru Jason Isaacs, Ben Daniels, Neil Pearson og Sharon Gless.

**00.05 Kastljós** (e)

**00.40 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Shopgirl**

**10.00 Home Alone 2**

**12.00 Lorenzo's Oil**

**14.10 License to Wed**

**16.00 Shopgirl**

**18.00 Home Alone 2**

**20.00 Lorenzo's Oil** Sannsöguleg mynd um Odone-hjónin sem eiga son sem er haldinn sjaldgæfum sjúkdómi og læknar segja ólæknandi. Þau neita hins vegar að sætta sig við það og berjast fyrir lífi sonar síns. Aðalhlutverk: Susan Sarandon.

**22.10 Yes**

**00.00 Longford**

**02.00 Mississippi Burning**

**04.05 Yes**

**06.00 Tenacious D.**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Áfram Diego Afram!, Stuðboltastelpurnar og Krakkarnir í næsta húsi.

**08.15 Oprah**

**08.55 Í fínu formi**

**09.10 Bold and the Beautiful**

**09.30 Jamie's Eat to Save Your Life**

**10.20 Project Runway** (11:15)

**11.05 The Amazing Race** (11:13)

**11.50 60 mínútur**

**12.35 Nágrannar**

**13.00 Hollyoaks** (182:260)

**13.25 Little Manhattan**

**15.10 Sjáðu**

**15.40 Barnatími Stöðvar 2** Tutenstein, Stuðboltastelpurnar, Kalli og Lóa og Ben 10.

**17.08 Bold and the Beautiful**

**17.33 Nágrannar**

**17.58 Friends** (14:24)

**18.23 Veður**

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**

**18.47 Íþróttir**

**18.54 Ísland í dag**

**19.35 The Simpsons** (6:22)

**20.00 The New Adventures of Old Christine** (5:10) Þriðja þáttaröðin um Christine sem er fráskilin og einstæð móðir sem lætur samviskusemi og óþrjótandi umhyggju í garð sinna nánustu koma sér í eilíf vandræði.

▶**20.25 How I Met Your Mother** (17:20)

**20.50 Day of Destruction** Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Þegar mesti stormur sem sögur fara leggur Bandaríkin í rúst og voldugasta þjóð stendur varnarlaus gegn hrikalegustu náttúruhamförum sem sögur fara af.

**22.15 Bones** (9:26) Brennan og Booth snúa aftur í nýrri seríu af Bones.

**23.00 Auddi og Sveppi** Auddi og Sveppi eru mættir í þætti þar sem allt er leyfilegt.

**23.40 The Closer** (3:15) Fjórða sería þessara hörkuspennandi lögregluþátta um Brendu Leigh Johnson sem leiðir sérstaka morðrannsóknadeild innan hinnar harðsvíruðu lögreglu í Los Angeles.

**00.25 Fringe** (15:21)

**01.15 Little Manhattan**

**02.45 Oldboy**

**04.40 The Simpsons** (6:22)

**05.05 Fréttir og Ísland í dag**

## STÖÐ 2 SPORT *besta sætið*

**16.05 Þýski handboltinn: Markaþáttur** Hver umferð gerð upp í þessum flotta þætti um þýska handboltann. Handknattleikur á heimsmælikvarða.

**16.35 PGA Tour 2009 - Wachovia Championship** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.

**17.30 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu**

**18.00 Meistaradeild Evrópu - Upphitun**

**18.30 Arsenal - Man. Utd** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**20.40 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**21.00 Players Championship Official Film** Mynd um Players Championship mótið í golfi þar sem skyggnst verður á bak við tjöldin.

**21.55 Arsenal - Man. Utd** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.

**23.35 Meistaradeild Evrópu - Meistaramörk**

**23.55 NBA tilþrif** Í þessum mögnuðu þáttum sem slógu í gegn á árum áður verða sýnd öll bestu tilþrif vikunnar í NBA-körfuboltanum.

## STÖÐ 2 SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Aston Villa - Hull** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**14.40 Man. City - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**16.20 Middlesbrough - Man. Utd** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**18.00 Premier League World** Nýr þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum hliðum.

**18.30 Coca Cola mörkin** Allir leikirnir, öll mörkin og allt það umdeildasta skoðað í þessum magnaða markaþætti.

**19.00 Liverpool - Newcastle** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**20.40 Sunderland - Everton** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

**22.20 Markaþáttur** Allir leikir umferðarinnar í ensku úrvalsdeildinni skoðaðir. Öll mörkin og öll bestu tilþrifin á einum stað.

**23.15 Portsmouth - Arsenal** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁREINN

**06.00 Óstöðvandi tónlist**

**08.00 Rachael Ray** (e)

**08.45 Óstöðvandi tónlist**

**17.30 Rachael Ray** Spjallþáttur þar sem Rachael Ray fær til sín góða gesti og eldar gómsæta rétti.

**18.15 The Game** (3:22) Bandarísk gamanþáttaröð um kærustur og eiginkonur hörkutólanna í ameríska fótboltanum.

**18.40 Spjallið með Sölva** (11:12) Nýr og ferskur umræðuþáttur, þar sem Sölvi Tryggvason fær til sín góða gesti og spyr þá spjörunum úr. (e)

**19.40 Káta maskínan** (13:13) Menningarþáttur í umsjón Þorsteins J. Vilhjálmssonar þar sem fjallað er um það sem er efst á baugi í menningarlífi landsmanna og rætt við listamenn úr öllum krókum og kimum listalífsins.

**20.10 The Biggest Loser** (15:24) Bandarísk raunveruleikasería þar sem fitubollur berjast við bumbuna.

**21.00 Nýtt útlit** (8:11) Hárgreiðslu- og förðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir venjulegu fólki nýtt útlit, allt frá förðun til fata. Það þarf engar geðveikar æfingar, megrunarkúra eða fitusog, bara einfaldar lausnir og góð ráð.

▶**21.50 The Cleaner** (9:13) Þættir byggðir á sannri sögu fyrrverandi dópista sem helgar líf sitt því að hjálpa fíklum að losna úr viðjum fíknarinnar.

**22.40 Jay Leno** Spjallþáttur á léttum nótum þar sem háðfuglinn Jay Leno fær til sín góða gesti og slær á létta strengi.

**23.30 CSI** (16:24) (e)

**00.20 Óstöðvandi tónlist**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Í umsjón Ingva Hrafns Jónssonar. Umfjöllun um stöðu stjórnmálanna.

**21.00 Á réttri leið** Katrín Júlíusdóttir alþingismaður ræðir um viðhorf Samfylkingarinnar.

**21.30 Ákveðin viðhorf** Atli Steinn Guðmundsson og Guðrún Hálfdánardóttir rýna í aðgengi fatlaðra. Gestir þáttarins eru Arnar Gíslason jafnréttisfulltrúi HÍ, Guðmundur Magnússon varaformaður ÖBÍ og Sigrún Ingibjörg Gísladóttir formaður Vöku.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

# Listmuna uppboð

Næsta listmunauppboð Gallerís Foldar verður haldið mánudaginn 11. maí



Guðmunda Andrésdóttir

LISTMUNASALA fold

Síðustu forvöð að skila inn verkum

Opið í Gallerí Fold á Rauðarárstíg, virka daga 10–18, laugard. 11–16 og sunnud. 14–16

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is






Í Markaðnum á morgun

SKUGGABANKASTJÓRN MARKAÐARINS OG NÆSTA STÝRIVAXTAÁKVÖRÐUN.

ÓFUGÞRÓUN Í UPPLÝSINGAGJÖF ÍSLENSKRA FYRIRTÆKJA GETUR HAMLAÐ EFNAHAGSBATA.

HOLLRÁÐ UM FRAMSETNINGU EFNIS Á HEIMASÍÐUM FYRIRTÆKJA.

Markaðurinn fylgir Fréttablaðinu á morgun

## Í KVÖLD



### STÖÐ 2 KL. 20.50 Framhaldsmynd mánaðarins: Day of Destruction

Fyrri hluti framhaldsmyndar mánaðarins. Þegar mesti stormur sem sögur fara af leggur Bandaríkin í rúst og voldugasta þjóð heims stendur varnarlaus gegn hrikalegustu náttúruhamförum í manna minnum eru aðeins örfáir sem geta komið til bjargar. Aðalhlutverk: Brian Dennehy, Dianne Wiest, Randy Quaid og Thomas Gibson.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ Lögregluforinginn

### Sjónvarpið kl. 22.20

Clare Blake, yfirmaður morðdeildar lögreglunnar í London, er kölluð úr fríi eftir að presturinn Thomas Martin er stunginn til bana í kirkju sinni. Presturinn var mikils metinn í hverfinu og átti drjúgan þátt í að stilla til friðar eftir óeirðir sem höfðu verið fimm árum áður. Hann rak bæði athvarf og hnefaleikaklúbb en þangað sótti misgæfulegt fólk.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.38** Morgunvaktin
**06.50** Bæn
**07.03** Auðlindin
**07.10** Morgunvaktin heldur áfram
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Pipar og salt
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Vítt og breitt
**14.03** Á slóðum Helga
**15.03** Útvarpssagan: Höfuðlausn
**15.30** Hljómsveit Olivers Nelson leikur
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.50** Dánarfregnir
**19.00** Endurómur úr Evrópu
**20.00** Leynifélagið
**20.30** Bláar nótur í bland
**21.00** Í heyranda hljóði
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Við heimtum aukavinnu - lög eftir Jón Múla
**23.10** Gatan mín

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 97,7** X-ið / Enginn viðbjóður

## 2 EXTRA

**16.00 Hollyoaks** (181:260)
**16.30 Hollyoaks** (182:260)
**17.00 Seinfeld** (22:22)
**17.30 Ally McBeal** (23:24)
**18.15 The O.C.** (20:27)
**19.00 Hollyoaks** (181:260)
**19.30 Hollyoaks** (182:260)
**20.00 Seinfeld** (22:22)
▶**20.30 Ally McBeal** (23:24) Lesbía sem þráir að verða móðir kærir tryggingafyrirtæki sitt fyrir að vilja ekki fjármagna frjóvgunaraðgerðina og Ally ákveður að verða ágengari í leit sinni að maka.
**21.15 The O.C.** (20:27)
**22.00 Entourage** (1:12) Vincent og félagar standa nú á krossgötum því þrátt fyrir að nokkrum þeirra hafi orðið býsna ágengt og búnir að skapa sér þokkalegt nafn þá neyddust þeir í lokaþætti þriðju seríu til að flytja úr villunni góðu. En þeir halda sínu striki og stóra tækifærið gæti verið að banka upp á með Medallín, stórmynd hins kostulega Ara Gold.
**22.25 Peep Show** (9:12) **22.55 New Amsterdam** (5:8)
**23.40 Weeds** (10:15)
**00.10 Auddi og Sveppi**
**00.40 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**10.05** Jonathan Creek **10.55** Jonathan Creek **11.45** My Hero **12.15** The Weakest Link **13.00** EastEnders **13.30** My Hero **14.00** Blackadder the Third **14.30** The Weakest Link **15.15** Jonathan Creek **16.05** Jonathan Creek **16.55** EastEnders **17.25** The Weakest Link **18.10** My Hero **18.40** Blackadder the Third **19.10** The Inspector Lynley Mysteries **20.00** State of Play **20.50** Blackadder the Third **21.20** My Hero **21.50** State of Play **22.40** Jonathan Creek **23.30** Jonathan Creek **00.20** State of Play

## DR 1

**10.00** DR Update - nyheder og vejr **10.10** Horisont **10.35** Aftenshowet **11.05** Aftenshowet 2. del **11.30** Testen **12.00** Det lille hus på prærien **12.50** Nyheder på tegnsprog **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Boogie Mix **14.00** SPAM - Din digitale medieguide **14.30** Monster allergi **15.00** Store Nørd **15.30** Lille Nørd **16.00** Aftenshowet **16.30** TV Avisen med Sport **17.00** Aftenshowet med Vejret **17.30** Ha' det godt **18.00** Ønskehaven **18.30** Mission. Baby **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Lewis **21.35** Dødens Detektiver **21.55** Vi bliver ved! **22.25** Boogie Mix

## NRK 1

**10.00** NRK nyheter **10.10** Jentene og reinsdyra **11.00** NRK nyheter **11.05** Berlin, Berlin **11.30** Sirkusliv **12.00** NRK nyheter **12.05** Norge rundt **12.30** Frilandshagen **13.00** NRK nyheter **13.05** Par i hjerter **14.00** NRK nyheter **14.10** Dynastiet **15.00** NRK nyheter **15.10** Oddasat - nyheter på samisk **15.25** Dyrisk **15.55** Nyheter på tegnspråk **16.00** Dora utforskeren **16.25** Travelbymysteriene **16.40** Distriktsnyheter **17.00** Dagsrevyen **17.30** Ut i naturen **17.55** Skjergardsmat **18.25** Redaksjon EN **18.55** Distriktsnyheter **19.00** Dagsrevyen 21 **19.30** Brennpunkt **20.20** Extra-trekning **20.30** Safari **21.00** Kveldsnytt **21.15** Solen var vitne **23.10** Kulturnytt

## SVT 1

**10.00** Rapport **10.05** Bergen - Kirkenes t/r **10.35** I trädgården med Camilla Plum **11.05** Efter skogsbranden **11.30** Anslagstavlan **11.35** Vingar kring fyren **13.10** Drömprinsen **14.00** Rapport **14.05** Gomorron Sverige **14.55** Taxi **15.25** Tonårsliv **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Go'kväll **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Plus Europa **19.00** Rania, drottningen av Youtube **19.50** Räkna till 100 **21.10** Kulturnyheterna **21.25** Sommer **22.25** Inför Eurovision Song Contest 2009 **23.25** Sändningar från SVT24




## LÖGIN VIÐ VINNUNA



*„Ég er svo gamaldags í mér að ég hlusta yfirleitt alltaf á gömlu góðu gufuna. Mér finnst yndislegt að hlusta á gömul ættjarðarlög. Þá veit maður að vorið og sumarið eru á næsta leiti.“*

Sigríður Sunneva Vigfúsdóttir hönnuður.

# Fær brons frá Danadrottningu

„Maður fær þarna að hitta gömlu. Það er ekki á hverjum degi sem maður fær það,“ segir Hjalti Lýðsson, sem hittir Margréti Danadrottningu í Ráðhúsinu í Kaupmannahöfn 26. maí.

Þar mun drottningin afhenda honum bronsmedalíu sem hann fékk fyrir sveinsprófsverkefni sitt, en hann útskrifaðist sem konditori frá skólanum EUC-Ringsted í febrúar síðastliðnum. Ekki er vitað til þess að Íslendingur hafi áður hlotið þessa viðurkenningu.

„Þetta var alltaf markmiðið hjá manni,“ segir hann um bronsið og viðurkennir að um mikinn heiður sé að ræða. „Ég er líka útlærður „chocolatier“ og fékk hrós fyrir það sem var fyrir neðan medalíuna. Maður hugsaði að maður yrði að fara einu skrefi lengra ef maður ætlaði að taka næsta sveinspróf.“

Fleiri iðnnemar úr hinum ýmsu greinum fá einnig viðurkenningar úr höndum drottningarinnar á sama tíma. Hjalti segist ekkert vera stressaður yfir því að hitta hennar hágöfgi. „Ég veit ekki hvað maður á að segja við hana og ég veit ekki hvað ég fæ langan tíma en maður væri nú meira til í að hitta Maríu krónprinsessu,“ segir hann í léttum dúr.

Súkkulaðigerðarnám hans stóð yfir í rúm tvö og hálft ár en konditori-námið var ári lengra. Hann segir hugsanlegt að hann stofni eigið fyrirtæki úti í Danmörku og er því ekkert endilega á leið heim í bráð. Útilokar hann ekki að bronsmedalían og mynd af honum með Margréti Danadrottningu eigi eftir að prýða heimkynni nýja fyrirtækisins, verði það að veruleika. - fb



**MARGRÉT ÞÓRHILDUR** Danadrottning afhendir Hjalta bronsmedalíu síðar í mánuðinum.



**HJALTI LÝÐSSON** Hjalti er ekkert stressaður yfir því að hitta Margréti Danadrottningu. MYND/HALLUR KARLSSON



**LÁRÉTT**
**2.** margskonar, **6.** í röð, **8.** svörður, **9.** hljóma, **11.** frú, **12.** ránfugl, **14.** dvaldist, **16.** drykkur, **17.** tunna, **18.** fugl, **20.** 49, **21.** halda brott.

**LÓÐRÉTT**
**1.** laut, **3.** tveir eins, **4.** falsrök, **5.** dýrahljóð, **7.** örvera, **10.** fóstra, **13.** bar, **15.** steintegund, **16.** frestur, **19.** númer.

**LAUSN**
**LÁRÉTT: 2.** ýmsu, **6.** rs, **8.** mór, **9.** óma, **11.** fr, **12.** fálki, **14.** varst, **16.** te, **17.** áma, **18.** örn, **20.** il, **21.** fara.
**LÓÐRÉTT: 1.** gróf, **3.** mm, **4.** sófismi, **5.** urr, **7.** smávera, **10.** ala, **13.** krá, **15.** talk, **16.** töf, **19.** nr.

## SPURNING DAGSINS

Svör við spurningum á síðu 8

1 Hárgel.
2 Veronica Lario.
3 2006.

Gefðu vatn
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

SIGURGEIR ORRI: MYNDIN ER Á SHAKESPEARE-ÍSKU PLANI

# Metnaðarfullir Loftleiðamenn sem svifust einskis

„Dramatísku elementin í sögunni eru á Sheikspírsku ‘leveli’: Mikið drama, ‘backstabbing’, metnaðarfullir menn sem svifust einskis, mikið lagt undir, fegurðardrottningar, viðskiptaleg klókindi… bara nefndu það,“ segir Sigurgeir Orri Sigurgeirsson kvikmyndagerðarmaður.

Annað kvöld verður afar athyglisverð heimildarmynd Sigurgeirs Orra sýnd í nýju háskerpukerfi Sambíóanna. Þar er um að ræða heimildarmynd um Loftleiðir en í forgrunni er Alfreð Elíasson. „Loftleiðir eru fyrsta lágfargjaldaflugfélag heimsins. Í myndinni birtast í fyrsta skipti kvikmyndir af fyrstu flugvél Loftleiða sem var fyrsta flugfélag í heimi sem bauð uppá annað farrými. Þetta, og ýmislegt annað, er nokkuð sem fáir ef nokkrir vissu,“ segir Sigurgeir Orri.

Maðurinn á bak við Loftleiðir er Alfreð Elíasson og Sigurgeir segir að hann hafi unnið myndina í góðu samstarfi við fjölskyldu hans og notið fulltingis hennar í tengslum við öflun á ómetanlegum heimildum. Sigurgeir hefur unnið að gerð heimildarmynda um árabil, meðal annars þætti um sögu 20. aldar sem sýndir voru á RÚV um aldamótin. „Þá kynntist ég Loftleiðum. Svo gerði ég ‘mockumentari’ um farsímanotkun sem heitir Tala úr sér vitið og var sýnd á RÚV árið 2004. En ég hef nú verið fjögur ár að vinna þessa mynd um Loftleiðir en hún mun svo sýnd í haust á RÚV og þá í þremur þáttum. Fyrst verður hún keyrð í bíóhúsum.“

Sigurgeir Orri segir svo frá að þegar hann var að vinna að því að gera þáttanna um sögu 20. aldar sá hann hversu Loftleiðir var áhugavert fyrirtæki. „Í kjölfarið las ég ævisögu Alfreðs og sá að þetta var meiriháttar saga sem vert væri að gera skil í kvikmynd, leikriti eða heimildarmynd. Þetta var mikið hitamál á sínum tíma og á ótrúlegan samhljóm með því sem er svo að gerast núna á Íslandi. Ég hugsaði með mér að best væri trúlega að gera heimildarmynd því þannig væri hægt að kynnast efninu betur,“ segir Sigurgeir sem búsettur er í Californiu og líkar vel. „Þetta er frábærlega skemmtilegur staður. Sunnan Los Angeles. Þetta er eins og að búa í Eden í Hveragerði, blómin, jurtirnar og hitastigið. Núna er ég að vinna að handriti sem byggir á sögu sem ég las í blöðunum um tvo unglinga sem fóru til Noregs og hoppuðu þar fram af kletti. Það er ákveðin vísun í Börn náttúrunnar enda vinnutitillinn Börn ónáttúrunnar – en þetta er þroskasaga. Ekki mjög Hollywoodvæn. Ég verð í það minnsta ekki heimsfrægur handritshöfundur í Hollywood út á þá sögu.“ jakob@frettabladid.is





## MYND UM LOFTLEIÐIR

Þegar **Sigurgeir Orri Sigurgeirsson** las ævisögu **Alfreðs Elíassonar** las hann meiriháttar sögu sem átti fullt erindi á hvíta tjaldið. Nú er kvikmynd hans um Loftleiðaævintýrið tilbúin og verður frumsýnd í Sambíóunum í vikunni. Sigurgeir segir sögu Loftleiða svo magnaða að hún hefur Shakespeare-ískar eigindir.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Tvennum sögum fer af því hvernig viðmóti Íslendingar mega nú venjast utan landsteina. En rithöfundar geta ekki kvartað. Svo mikið er víst. Sumarljós, og svo kemur nóttin eftir **Jón Kalman Stefánsson** er komin út í Danmörku og fær bókin slíkar viðtökur í stórblaðinu Information að útgefendur hjá Bjarti hafa aldrei séð annað eins. Gagnrýnandinn Helle Juhl Lassen segir bókina eina þá bestu sem hún hafi lesið, þetta er: „mögnuð söguflétta um hvunndagsörlög, mystík og kraumandi ástir.“



Enn hrósar **Vilhjálmur Hans Vilhjálmsson** lögmaður sigri yfir þeim Birtingsmönnum fyrir dómstólum en skjólstæðingur hans Geiri á Goldfinger vann fyrir helgi meiðyrðamál á hendur tímaritinu Ísafold og Jóni Trausta Reynissyni. Vilhjálmur skoðar nú hvort ástæða sé til enn frekari málsókna á hendur Birtingi vegna meints fjárskaða sem fyrirtækið hefur valdið Geira með umfjöllun um Goldfinger. En áður en slíkt kemur á daginn þá er það mál Litla DV-mannsins, Jóns Bjarka Magnússonar, sem verður þingfest í dag. Það snýst um ógreidd laun sem Jón Bjarki telur sig eiga inni hjá DV uppá 250 þúsund krónur.

Árlegt Sjávarréttakvöld ÍA var haldið um helgina. Venju samkvæmt var haldið uppboð þar sem meðal annars voru slegnir fótboltabúningar, skartgripir og málverk. Rúsínan í pylsuendanum var þó þegar boðin var upp kvöldstund með öðrum þjálfara ÍA, **Arnari Gunnlaugssyni**, á veitingastaðnum Domo. Slegist var um hnossið og svo fór að lokum að ónefndur stjórnarmaður í félaginu greiddi á annað hundrað þúsund fyrir, eftir harða keppni við eiginkonu sína.



- jbg, hdm

FISKBÚÐIN FREYJA
V/KÓPAVOGSHÖFN

GLÆNÝR LÍNUFISKUR
ÝSUFLÖK 790 KR.KG
ÞORSKFLÖK 790 KR.KG
KEILA, LANGA, KARFI O.FL.

ÞETTA ER EKKI TILBOÐ,
HELDUR OKKAR VERÐ ALLA DAGA

Opnunartími: mánudag - föstudag kl. 12 - 18

# JóJó bjargar heimilislausum í New York

„Það eru 99 prósent líkur á að af verði. Kók [Vífilfell] vill gera þetta með mér,“ segir JóJó, hinn hjartahlýi trúbador götunnar, sem nú beinir sjónum að bágstöddum og heimilislausum New York-búum.

Hugmynd JóJó er skemmtileg. Hann hyggst gefa hinum ýmsu súpueldhúsum í heimsborginni upplög af nýjasta diski sínum, þeim sem hann gaf nýverið út til styrktar málefnum Hjartaverndar. Þá gætu heimilislausir sem koma við í eldhúsunum gripið með sér nokkur eintök disksins og selt á götum úti sér til viðurværis. Sjálfur er JóJó hinn hógværasti og segir þetta gamla hugmynd sem hann kynntist til dæmis úti í Danmörku en þar gátu heimilislausir tekið blöð og selt til að eiga skotsilfur. „Ég fer þetta eins og skjaldbakan. Sem vann hérann. Verkefnið heitir ‚Greetings from Street JoJo in Iceland‘. Götugæi að bjarga heiminum,“ hlær trúbadorinn og ætlar þá í fleiri borgir og til Kanada með plötuna. Hann ætlar að vanda til verksins því þetta gæti orðið til kynningar á íslenskri tónlist. Verkefnið verður svo tengt því sem hann kynnt verður sem ‚Street JoJo and the Water-revolution‘. JóJó vinnur nú að því að vinna plötu sína á ensku en miklir snillingar komu að gerð hennar: Gunnar Þórðarson, Magnús Eiríksson, Sálin og fleiri auk þess sem hann var með landslið söngvara til að syngja með sér á plötuna: Egil Ólafs, Valgeir Guðjóns, Pálma Gunnars, Pál Rósenkranz, Daníel Ágúst og Krumma svo fáir séu nefndir. Undirleikurinn er klár sem og textar á ensku. En einhver laganna verða á íslensku. „Ég vil ekki að þetta sé eins og ég skammist mín fyrir tungumálið,“ segir JóJó fjallbrattur. - jbg



**HJARTAHREINI TRÚBADOR GÖTUNNAR** JóJó ætlar með upplög nýjustu plötu sinnar í súpueldhús í New York þar sem heimilislausir geta gripið nokkra diska og selt sér til viðurværis.




HÁSKÓLINN Á BIFRÖST

# Betra líf!

Búðu þig undir framtíðina í Háskólanum á Bifröst með hagnýtu námi sem beinist að atvinnulífi, samfélagi, réttarfari og stjórnmálum og byggir á greinandi og skapandi hugsun.

Bifröst býður upp á grunn- og meistaranám á háskólastigi í þremur deildum auk náms í frumgreinadeild og símenntunar á sviði viðskipta og rekstrar. Ennfremur bjóða allar deildir skólans nemendum sínum upp á mikið og öflugt fjarnám.

Bifröst er framsækinn skóli fyrir metnaðarfulla nemendur. Kynntu þér málið nánar á bifrost.is eða komdu í heimsókn.

ENNEMM / SÍA / NM37844

**FRUMGREINADEILD:**
- Staðnám
- Fjarnám

**SÍMENNTUN:**
- Máttur kvenna
- Diplómanám í verslunar-stjórnun
- Rekstur smærri fyrirtækja
- Ýmis námskeið

**LAGADEILD:**
- BS í viðskiptalögfræði
- ML í lögfræði
- MA í skattarétti
- LL.M í evrópskum viðskipta- og félagarétti

**FÉLAGSVÍSINDADEILD:**
- BA í heimspeki, hagfræði og stjórnmálafræði
- BA í alþjóðafræði
- MA í menningarstjórnun
- MA í Evrópufræðum

**VIÐSKIPTADEILD:**
- BS í viðskiptafræði, stað- og fjarnám
- BS in Business Administration
- MS in International Finance and Banking
- MS in International Business
- MS í stjórnun heilbrigðisþjónustu
- Opið markaðsnám

**ANNAÐ:**
- Prisma, diplómanám í samvinnu við LHÍ
- Opið meistaranám í öllum deildum

HÁSKÓLINN Á BIFRÖST
BIFRÖST UNIVERSITY

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 512 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 512 5313, fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja
**Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Veffang:** visir.is **EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 512 5000**



LYFJA
- Lífið heil
www.lyfja.is

Opið **07** til **01**
Lyfja Lágmúla




**BAKÞANKAR**
Bergsteins Sigurðssonar

## *Í Stjórnarráðinu*

Jóhanna feykir upp dyrunum og drífur sig óðamála inn. „Hæ, Steingrímur. Fyrirgefðu hvað ég er sein, var stoppuð af fréttamönnum frammi." Steingrímur svarar án þess að líta upp úr dagblaðinu. „Ekkert mál, ekki eins og okkur liggi á. Hvað sagðirðu þeim annars?" Jóhanna hengir rauða jakkann upp á snaga. „Bara það sama og síðast, að okkur þokaði vel áfram í stjórnarmyndunarviðræðum en ég gæti ekkert gefið upp fyrr en endanlega niðurstaða lægi fyrir. Og svo minnti ég þá á að það er ennþá starfandi ríkisstjórn."

**STEINGRÍMUR** lítur upp. „Gleypa þeir ennþá við því?" Jóhanna skrúfar tappann af vatnsflösku. „Ja, það er kominn kurr í suma. En kannski hljóp ég á mig þegar ég sagði eitthvað á þá leið að ég byggist við að verð á íbúðarhúsnæði ætti eftir að ná fyrri hæðum…" Steingrímur veðrast upp. „Jóhanna þó! Töluðum við ekki um að vera hóflega óraunsæ í yfirlýsingum. Viltu ekki bara lofa líka að innflutningur á nýjum bílum og sala á fellihýsum eigi eftir að komast aftur í fyrra horf?"

**JÓHANNA** afsakar sig. „Ég veit, missti þetta bara út úr mér. Hvað átti ég að gera, segja þeim satt? Að það séu allir líkur á að margir eigi eftir að verða gjaldþrota og missa húsnæðið áður en okkur tekst að skapa nógu stöðugt efnahagsumhverfi sem gerir heimilunum kleift að rétta úr kútnum? Held mér hafi hins vegar tekist að kaupa okkur tíma fram yfir helgi. Sem betur fer dró þessi vatnsgreiddi athyglina frá okkur með nýaldarkuklinu sínu í nokkra daga."

**STEINGRÍMUR** róast. „Já, þú meinar Gísli Tryggvason, talsmaður neytenda, og tillögur hans um niðurfærslu íbúðarlána?" Jóhanna flissar. „Nei, þessi var aðeins jarðtengdari en Gísli. Æ, hvað heitir hann, leikstjórinn þarna, David eitthvað, sá sem gerði þarna sjónvarpsþættina, Tvídranga. Voða skrýtið allt saman, dvergar að vanga við hross og svoleiðis. Sýndir á Stöð 2 upp úr 1990." Steingrímur fussar. „Stöð 2 náðist ekki í Þistilfirði upp úr 1990 og mætti svo enn vera mín vegna."

**JÓHANNA** maldar í móinn. „Þú ættir samt að kíkja á myndirnar hans, Steingrímur. Ein þeirra fjallar til dæmis um gamlan mann sem ekur þvert og endilangt yfir Bandaríkin á sláttuvél." Steingrímur mildast í fasi og verður hugsi á svip. „Hmm, það hljómar eins og góð sláttuvél." Jóhanna settur upp seiðandi svip og lækkar raustina. „Steingrímur, veistu hvar er hægt að fá svoleiðis sláttuvél? Hann hristir höfuðið. Jóhanna hallar sér fram og hvíslar í eyra hans: „Í Evrópusambandinu."



## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 5. maí, 125. dagur ársins.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 4.46 | 13.24 | 22.05 |
| Akureyri | 4.17 | 13.09 | 22.04 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


VARÐAN 60 - VILDARÞJÓNUSTA FYRIR 60 ÁRA OG ELDRI

Björn er glaður að hafa nægan tíma fyrir barnabörnin sín níu. Varðan 60 aðstoðar hann við fjármálin og tryggir yfirsýn.

Kostir Vörðunnar 60:

- Þú færð þinn eigin tengilið í útibúinu þínu sem veitir þér persónulega þjónustu.
- Þú átt kost á sparnaðarreikningi sem ber hæstu óverðtryggðu vexti sem við bjóðum upp á.
- Þér stendur til boða fjármálaráðgjöf sem er sérsniðin að þínum þörfum.

Komdu í heimsókn í útibúið þitt og kynntu þér kosti Vörðunnar 60 yfir kaffibolla. Við tökum vel á móti þér.

Landsbankinn

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080.
ENNEMM / SÍA / NM37675

410 4000 | landsbankinn.is


